

2020-2021

Skólanámskrá Glerárskóla



Ritstjórar : Helga Halldórsdóttir og
Tómas Lárus Vilbergsson
Ábyrgðarmaður :
Eyrún Skúladóttir 2020-2021

SKÓLANÁMSKRÁ GLERÁRSKÓLA

Efnisyfirlit

1	Starfsemi skólans frá stofnun hans – helstu atriði í þróun skólans frá upphafi.....	3
1.1.	Skólinn - upplýsingar	4
1.2.	Skólabragur.....	5
1.3.	Skipulag skólastarfsins.....	6
1.4.	Röðun í bekkjadeildir:.....	6
1.5.	Viðmiðunarstundaskrá	6
1.6.	Skólasókn (veikindi, óveður, leyfi).....	7
2.	Stefna skólans.....	8
2.1.	Gildi.....	8
2.1.1.	Skólasýn og stefna Glerárskóla.....	11
2.1.2.	Markmið og leiðir	11
2.1.3.	Jákvæður agi.....	13
2.1.4.	Áætlun gegn einelti	15
2.1.5.	Umhverfismál:	16
2.2.	Kennslufræðileg stefna.....	17
2.2.1.	Kennsluhættir	17
2.2.2.	Læsi.....	17
2.2.3.	Heimanám	18
2.2.4.	Námsbækur	18
2.2.5.	Skólasafn.....	19
2.2.6.	Stoðþjónusta - Sérkennsla.....	19
2.2.7.	Nýbúafræðsla	20
2.2.8.	Forfallakennsla	20
2.3.	Uppeldisfræðileg stefna	20
2.3.1.	Skólareglur Glerárskóla	21
2.3.2.	Reglur um mætingar nemenda	22
2.3.4.	Viðurlög við brotum á skólareglum:.....	24
2.3.5.	Verklagsreglur um meðferð og úrlausn mála.....	25
2.3.6.	Reglur um útivist:	25
2.3.7.	Myndbirtingar.....	25
3.	Markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár	26
4.	Útfærsla skólans á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga	26
4.1.	Grunnþættir menntunar	26
4.2.	Áhersluþættir grunnskólalaga	26

4.3.	Fræðsluvið Akureyrar.....	26
5.	Tengsl skóla við nærsamfélagið	27
5.1.	Hvernigi nýta má nærsamfélagið til náms og þroska.....	27
5.1.1.	Grenndarkennsla	27
6.	Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi.....	28
6.1.	Námsmat	28
7.	Gæðaráð - Innra mat á árangri og gæðum.....	30
7.1	Matsáætlun skólaársins.....	30
8.	Áætlanir um umbætur og þróunarstarf.....	31
9.	Samstarf heimila og skóla.....	32
9.1.	Upplýsingamiðlun.....	32
9.1.1.	Foreldrasamstarf	33
9.2.	Samstarf við leik- og framhaldsskóla og tónlistarskóla	33
9.2.1.	Leikskólinn	33
9.2.2.	Framhaldsskólinn.....	33
9.2.3.	Tónlistarskólinn -tónlistarnám	34
10.	Ýmsar áætlanir.....	34
10.1	Móttaka nemenda	34
10.2.	Forvarnir – áfengis og fíknivarnir.....	35
10.3.	Aðgerðir gegn einelti og öðru ofbeldi	37
10.4.	Öryggi og slysavarnir	38
10.5.	Jafnrétti og mannréttindi	38
10.6.	Viðbrögð við áföllum	39
10.6.1.	Áfallaráð	39
10.6.2.	Nemendaverndarráð	39
10.7.	Agamál.....	40
11.	Önnur mál	40
11.1.	Frístund fyrir nemendur í 1. – 4. bekk.....	40
11.2.	Iðjubjálfun.....	41
11.3.	Skólamáltíðir (mötuneyti) - nesti.....	41
12.	Lokaorð	41

Skólanámskrá Glerárskóla 2020-2021



Skólanámskrá Glerárskóla kemur út í upphafi skólaárs. Hún hefur að geyma upplýsingar um skólann og starfsemi hans, en er ekki tæmandi upplýsingarit um allt skólastarfið. Von okkar er að hér sé að finna flestar þær upplýsingar sem gagnast nemendum og heimilum þeirra.

Skoða verður Starfsáætlun, almennan hluta, námsvísa einstakra bekkja, Mentor og heimasíðu skólans sem eina heild.

Markmið okkar er að upplýsa notendur um þjónustuna sem við veitum.

1 Starfsemi skólans frá stofnun hans – helstu atriði í þróun skólans frá upphafi

Upphaf skólastarfs í Glerárporpi:

Árið 1908 var reist fyrsta skólahúsið í Glerárporpi, Ós í Sandgerðisbót við Óseyri. Á þeim tíma náði Akureyrarkaupstaður ekki norður fyrir Glerá, norðan við ána var dreifbýli aðskilið frá kaupstaðnum. Sett voru fræðslulög árið 1907, sem kváðu á um fræðsluskyldu 10-14 ára barna og var í framhaldinu talið nauðsynlegt að reisa hús í þeim tilgangi, þar sem ekki þótti vera neitt hentugt húsnæði til starfseminnar á svæðinu. Í frásögnum segir að nokkrir framtakssamir menn hafi reist skólahúsið árið 1908, steinsteypt eða hlaðið úr múrsteinum, með bogadregnum gluggum, snoturt hús. Í húsinu var ein kennslustofa og nemendafjöldinn í kringum 18 nemendur. Fyrsti kennari skólans mun hafa verið Halldór Friðjónsson en fyrsti skólastjórinn Pétur Finnbogason, sem gegndi því embætti til ársins 1938. Þetta hús stendur enn í Sandgerðisbót, en hefur nú öðru hlutverki að gegna. Skólalald mun hafa verið í húsinu til 1937, þegar starfsemin fluttist í Árholt, húsnæði sem byggt var á Melgerðisási, austan núverandi skólahúsnæðis Glerárskóla.

Í Árholti var skólalald frá árinu 1937 til 1972, þrjár skólastofur og nemendafjöldi yfirleitt í kringum 100 nemendur. Skólastjóri frá 1938 til 1946 var Haraldur Vilhjálmsson, en þá tók Hjörtur L. Jóhannsson við og starfaði sem skólastjóri við skólann til ársins 1967 er Vilberg Alexandersson tók við því starfi.

Haustið 1972 var flutt inn í fyrsta áfanga núverandi húsnæðis Glerárskóla. Síðasti byggingaráfangi núverandi húsnæðis skólans, C álma (stjórnunarálma) var tekin í notkun haustið 1996. Með þessum áfanga varð einsetning Glerárskóla að veruleika og frístund opnuð við skólann. (sjá má fleiri upplýsingar í gögnum á bókasafni).

Endurnýjun skólahúsnæðis hófst í maí 2019 þegar B-álma var tekin í gegn. Skipt var um þak, loftræstingu, öll kennslurými endurnýjuð og kennslugögn. Í maí 2020 hófst endurnýjun D-álmu.

Vilberg starfaði við skólann til 31. júlí 2002. Þegar Vilberg lét af störfum við skólann tók Úlfar Björnsson við og gegndi starfi skólastjóra frá 2002 til 2011. Eyrún Halla Skúladóttir er skólastjóri Glerárskóla frá hausti 2011.

Stjórnendur Glerárskóla eru:

Skólastjóri:

Eyrún Skúladóttir

Deildarstjórar:

Helga Halldórsdóttir og Tómas Lárus Vilbergsson

Stigstjórar:

Hlutverk stigstjóra er í samvinnu við stjórnendur; að halda utan um faglegt starf og framkvæmd skólasýnar á stiginu; að tengja saman vinnu milli stiga; að hafa umsjón með skipulagi og framkvæmd hefða, venja og atburða stigsins; að stýra samráðs- og fagfundum stigsins. Helstu verkefni stigstjóra eru að undirbúa og boða til stigsfunda í samráði við stjórnendur og miðla upplýsingum til kennara m.a. frá stjórnendum. Stigstjórar sjá um að skráðar séu fundargerðir stigsfunda.


Stigstjórar skólaárið 2020-2021 eru:

Yngsta stig: Heimir Freysson

Miðstig: Jóhann Ingi Einarsson

Unglingastig: Sveinn Leó Bogason

Skipurit Glerárskóla



1.1. Skólinn - upplýsingar

Glerárskóli við Höfðahlíð er nokkuð fjölmennur vinnustaður en daglega starfa um 410 manns þ.e. nemendur og starfsmenn við skólann. Skólinn er einsetinn og hafa nemendur í 1.–7. bekk sínar heimastofur. Í 8.–10. bekk fer kennslan fram í faggreinastofum en nemendur hafa sína umsjónarstofu þar sem þeir hitta umsjónarkennara reglulega.

Í Glerárskóla eru um 340 nemendur í 1.–10. bekk. Árgöngum er skipt í umsjónarhópa. Allir árgangar eru blandaðir í mörgum greinum. Í 8. 9. og 10. bekk eru einnig ýmsir námshópar í faggreinum og valgreinum. Í mörgum árgöngum vinna kennarar náið saman og hafa sameiginlega umsjón með nemendum.

Skólinn hefur aðgang að góðum íþróttamannvirkjum bæði íþróttahúsi og sundlaug.

Akureyrarbær rekur í skólanum félagsmiðstöðina Himnaríki fyrir unglinga eitt kvöld í viku auk þess að bjóða upp á fjölbreytta hópastarfsemi.

Mötuneyti er starfrækt í skólanum. Þar geta nemendur og starfsfólk keypt hádegisverð.

Við skólann er starfrækt frístund (heilsdagsskóli) fyrir nemendur í 1.–4. bekk.

Skólinn er opin á skólatíma frá klukkan 07:50 til 16:00 nema Frístund en þar er opið til kl. 16:15 (A-álma).

Skrifstofan er opin á starfstíma skólans mánudaga - fimmtudaga frá kl. 07:45–15:00 og föstudaga kl. 07:45-14:00.

Í fríum nemenda er hún opin virka daga frá 10.00 til 12.00.

Skrifstofan er lokuð síðustu vikuna í júní, allan júlí og fram yfir verslunarmannahelgi.

Sími skólans	4612666
Sími skólavistunar	4611253
Heimasíða Glerárskóla	www.gler.akureyri.is
Netfang	glerarskoli(hjá)akureyri.is

1.2. Skólabragur

Það er siðferðileg og lagaleg skylda starfsfólks skólans að leiðbeina nemendum og kenna þeim góð samskipti. Við viljum gera allt sem við getum til þess að börnum og fullorðnum líði sem best í skólanum. Stefna Glerárskóla felur í sér að unnið er samkvæmt kenningum og hugmyndafræði Olweusar og jákvæðs aga (positive discipline). Samkvæmt kenningum Olweusar eru samskipti nemenda skoðuð reglulega og nemendum kennt að einelti er alvarlegt mál sem aldrei á að líðast. Kannanir á líðan eru fastur liður og eins bekkjarfundir sem haldnir eru reglulega. Jákvæður agi er stefna sem leggur áherslu á að nemendur taki ábyrgð á eigin námi og gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisn, vinsemd og festu. Fellur agastefnan „jákvæður agi“ mjög vel að hugmyndakerfi Olweusar. Við leitumst við að fá nemendur til að tileinka sér þrjú viðhorf, sjálfstraust, að tilheyra og áhrif, auk fjögurra tegunda af hæfni sem eru, innsæi/tilfinningagreind, samskiptahæfni, ábyrgð og dómgreind (sjá síðar). Líkt og í hugmyndarfæði Olweusar eru bekkjarfundir nýttir til að leiðbeina nemendum um áherslur jákvæðs aga. Með því að leggja áherslu á jákvæð samskipti og leita leiða til að leysa ágreining sköpum við góð samskipti og samvinnu í þeim tilgangi að öllum líði vel og að skólabragurinn verði jákvæður.

Það skiptir miklu máli að nemendur mæti hlýju og glaðlegu viðmóti en jafnframt festu.

Foreldrum nýrra nemenda er bent á að hafa náið samstarf við skólann a.m.k. meðan barnið er að átta sig á nýjum vinnustað.

1.3. Skipulag skólastarfsins

Skólinn er opnaður kl. 07:50. Þá eru flestar skólastofur opnar og nemendur geta beðið þar uns hringt er í fyrstu kennslustund. Kennsla hefst kl. 08:15 og er starfsfólk til staðar ýmist í skólastofum eða á göngum á morgnana frá kl. 07:50 og þar til kennsla hefst.

Í löngu frímínútum og í hádegishléi geta nemendur í 8.–10. bekk valið um að vera inni eða úti. Íþróttahúsið er opið skv. auglýsingu þrjá daga í viku í löngu frímínútum þ.e. 09:35–09:55 fyrir nemendur á unglíngastigi. Nemendur í 1.–7. bekk eiga að vera úti í frímínútum á morgnana og í hádegishléi.

Stuðningsfulltrúar og skólaliðar eru á vakt í frímínútum og í hádegishléi (bæði á göngum og úti á skólalóð) og sjá til þess að allt fari sem best fram. Starfsmenn úti eru klæddir í skærgul vesti og því vel sjáanlegir. Nemendur geta snúið sér beint til þeirra sem eru á vakt með kvartanir og fyrirspurnir. Starfsmenn íþróttahúss og sundlaugar sjá um að vakta búningsklefa.

Glerárskóli tekur þátt í verkefni um Vinaliða en það felur í sér að nemendur skipuleggja og standa fyrir leikjum í frímínútum dag hvern. Vinaliðaverkefnið (sjá síðar) eflir félagsanda og gefur nemendum ábyrgð á því að standa saman og stunda samvinnu meðal annars til að koma í veg fyrir að einhver verði útundan og svo allir geti haft eitthvað skemmtilegt fyrir stafni. Vinaliðaverkefnið samsvarar vel hugmyndafræði Olweusar og jákvæðs aga og fellur vel að stefnu skólans um jákvæðan skólabrag.

1.4. Röðun í bekkjadeildir:

Umsjónarkennarar í hverjum árgangi eru yfirleitt tveir.

Skólaárið 2020–2021. eru í 1., 3. og 5. -10. bekk tveir umsjónarkennarar, í 2. bekk eru þeir þrír og í 4. bekk er einn umsjónarkennari. Nemendum er gjarnan skipt upp í hópa eftir viðfangsefnum eða ef um samkenndu árgangs/árganga er að ræða.

Sú vinnuregla er oft viðhöfð þegar nemendur flytjast úr 7. í 8. bekk að þeim er skipt í nýja hópa eða önnur breyting verður þegar á unglíngastig er komið. Skiptingar geta þó einnig farið fram á milli annarra bekkja og einnig geta orðið umsjónakennaraskipti á milli ára.

1.5. Viðmiðunarstundaskrá

Viðmiðunarstundaskrá segir til um vægi námsgreina innbyrðis og vikulegan lágmarkskennslutíma á einstökum námssviðum sem hver nemandi á rétt á (í 1.–4. bekk, 5.–7. bekk og 8.–10. bekk). Gert er ráð fyrir að skólar hafi svigrúm til að skipta lágmarkstímum á hverju námssviði á milli ára innan hvers tímabils.

Hér gefur að líta viðmiðunarstundaskrá úr aðalnámskrá grunnskóla frá 2011.

Námssvið	1.–4. bekkur (mín/viku)	5.–7. bekkur (mín/viku)	8.–10. bekkur (mín/viku)	Vikulegur kennslutími alls í mín.
Íslenska	1120	680	630	2430
Enska, danska eða önnur Norðurlandamál	80	460	840	1380
List- og verkgreinar	900	840	340	2080
Náttúrugreinar	420	340	360	1120

Skólaíþróttir	480	360	360	1200
Samfélagsgreinar, trúarbragðafræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði	580	600	360	1540
Stærðfræði	800	600	600	2000
Upplýsinga- og tæknimennt	120	160	80	360
Til ráðstöfunar/Val	300	160	870	1330
				1344
Mínútur alls	4800	4200	4440	0

Í viðmiðunarstundaskrá er gert ráð fyrir að einstakir skólar geti ráðstafað hluta þess lágmarkstíma sem lög ákveða. Ætlast er til að skólar geri grein fyrir því í skólanámskrá hvernig þeir hyggjast verja þessum tíma. Heimilt er að nota hann til að auka kennslu í skyldunámsgreinum. Einnig má nýta hann til að ná staðbundnum markmiðum skólans eða til kennslu efnis sem ekki er í aðalnámskrá grunnskóla. Þó gert sé ráð fyrir að hlutfallslega fleiri tímar séu nýttir í valgreinar í 8., 9. og 10. bekk geta skólar breytt vægi valgreina og skyldunámsgreina á milli þessara ára. Í skólanámskrá skal sýna hvernig skólinn útfærir kennslu þessara námssviða í 8.–10. bekk. Í heimilisfræði, listum og smíðum eru sett fram áfangamarkmið fyrir 8.–10. bekk og gert er ráð fyrir að tímamagn samkvæmt viðmiðunarstundaskrá miðist fyrst og fremst við 8. bekk. Skólar hafa þó frelsi til að skipuleggja kennslu á annan hátt.

Heildar kennslustundafjöldi nemenda sem hér segir:

1.	2.	3.	4.	5.	6.	7.	8.	9.	10.	bekkur
-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----
30	30	30	30	35	35	35	37	37	37	st. á viku.

Kennsludagar skulu ekki vera færri en 180 á hverju skólaári.

1.6. Skólasókn (veikindi, óveður, leyfi)

Stundvísi er mikilvæg.

Nemandi sem kemur of seint truflar vinnufrið og spillir oft vinnugleði í bekknum sínum auk þess að sýna virðingarleysi við tíma annarra.

Tilkynna þarf veikindi eða önnur forföll eins fljótt og hægt er. Foreldrar eru vinsamlegast beðnir um að láta vita í skólann alla daga sem veikindi standa yfir; símleiðis eða inn á Mentor.is.

Sé ljóst að nemandinn verði veikur áfram, í fleiri daga, má skrá strax þá daga.

Þetta er gert til þess að fylgjast betur með skráningu/mætingu nemenda.

Í vondum veðrum og afleitri færð verða foreldrar að meta hvort þeir treysta börnunum í eða úr skóla. Starfsfólk er til taks að taka á móti nemendum. Skóla er ekki aflýst nema í verstu veðrum og þá í öllum grunnskólum bæjarins og er það ávallt auglýst í útvarpi. Brestir á vont veður meðan nemendur eru í skólanum eru foreldrar beðnir um að sjá til þess að þeir verði sóttir sem fyrst eftir að skóla lýkur.

Foreldrar eru beðnir að snúa sér til umsjónarkennara með eins - tveggja daga leyfi fyrir nemendur en til skólastjórnenda ef um lengra leyfi en þrjá daga er að ræða. Sótt er um rafrænt á heimasíðu skólans.

Um þessi leyfi segir í 15. grein laga um grunnskóla nr. 91/2008:

“Sæki foreldrar skólaskylds barns um tímabundna undanþágu þess frá skólasókn í einstökum námsgreinum eða að öllu leyti er skólastjóra heimilt að veita slíka undanþágu telji hann til þess gildar ástæður. Foreldrar skulu þá sjá til þess að nemandinn vinni upp það sem hann kann að missa úr námi meðan á undanþágu stendur.”

Ítrekuð leyfi á starfstíma skóla eru óæskileg.

Allar fjarvistir nemenda eru skráðar í upplýsingakerfi skólans Mentor.is.

Leyfi vegna íþróttiferða:

Í reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum Nr. 1040/2011 segir í 5. grein, II. kafla: „Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og ber að stuðla að því að þau stundi nám sitt.“

Ef nemendur og forráðamenn þeirra óska eftir leyfi frá skóla vegna íþróttiferða þarf því forráðamaður að sækja um leyfi til skólastjóra fyrir viðkomandi nemanda. Einnig ber forráðamaður ábyrgð á að nemandi vinni upp það sem hann kann að missa úr námi á meðan á leyfi stendur.

Komi hópurinn heim fyrir miðnætti mæta nemendur kl. 08:00 í skólann daginn eftir.

Ef komið er heim eftir miðnætti er heimilt að mæta kl. 09:45 en foreldrar þurfa að óska eftir því leyfi.

Leyfi vegna tómskundaiðkunar:

Að sama skapi og greint er frá í greininni hér að framan bera foreldrar ábyrgð á tómskundaiðkun barna sinna. Óski þeir eftir að nemandi fái leyfi til að stunda tómsundur á skólatíma þurfa forráðamenn því að sækja um leyfi til skólastjóra fyrir viðkomandi nemanda. Forráðamaður ber ábyrgð á því að nemandi vinni upp það sem hann kann að missa úr námi á meðan á leyfi stendur.

2. Stefna skólans

2.1. Gildi

Stefna skólans er leiðarljós okkar fyrir skólastarfið m.t.t. hlutverks, framtíðarsýnar og markmiða sem við viljum vinna að. Stefnan var mótuð af starfsmönnum með aðkomu og kynningu til foreldra. Menntastefna Akureyrarbæjar <http://akureyri.is> markar einnig spor í stefnu skólans auk aðalnámskrár grunnskóla.

Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífelldri þróun. Þá skal grunnskóli leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við stöðu og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, velferð og menntun hvers og eins. (sbr. Lög um grunnskóla 2. gr.) Skólinn er mennta- og þjónustustofnun sem sinnir hlutverki sínu í náinni samvinnu við heimili nemenda.

Framtíðarsýn. Að Glerárskóli sé öflugur grunnskóli þar sem skólastarfið er kröftugt, framsækið og taki mið af náms- og félagsþörfum nemenda. Skólastarfið taki mið af skólasýn Glerárskóla, aðalnámskrá grunnskóla, skólastefnu Akureyrarbæjar, umhverfisstefnu skólans, jákvæðum aga og kenningum Dan Olweusar varðandi líðan, einelti o.fl..

Ásamt kenningum Olweusar er í agamálum byggt á jákvæðum aga (positive discipline) þar sem reglulegir bekkjarfundir eru í lykilhlutverki. Skólinn leggur áherslu á að byggja upp lífsglaða, sjálfstæða, sjálfsörugga og vinnusama nemendur. Þá leggur skólinn áherslu á gott samstarf við nemendann sjálfan, heimili nemenda og skólasamfélagið.

Gildi Glerárskóla um starfshætti sem allir fylgja voru unnin skólaárið 2013-2014 í samhengi við sýn og stefnu skólans, uppfært 2020. Gildi skólans eru eftirfarandi:

Jákvæður skólabragur		
Starfsmenn sýni fagmennsku í öllum vinnubrögðum og séu jákvæðir gagnvart starfinu		Gagnkvæm virðing og góðvild ríki á milli starfsfólks, nemenda og foreldra í skólastarfi
Sveigjanleiki og festa	Jákvæð samskipti milli allra í skólasamfélaginu og áhersla á þekkingu, leikni og hæfni	Styðjandi forysta og traust í samskiptum og ákvörðunum

Markviss stefna		
Allir starfsmenn starfi eftir hugmyndafræði um jákvæðan aga og eineltisáætlun Olweusar		Allir aðilar skólasamfélagsins vinni eftir stefnu Grænfánans
Að í skólanum er unnið eftir hugmyndafræði Byrjendalæsis	Virkjum áhuga og eflum sjálfsmynd, gleði og vellíðan	Gerum mikið úr því sem vel er gert í skólanum

Nemandinn í fyrirrúmi

Teymisvinna - samvinna		
Allt starfsfólk vinnur saman að sameiginlegum markmiðum og styður hvert annað í starfi		Skýr, sýnileg markmið um skólastarfið sem nýtt eru í daglegu starfi
Aðgerðaráætlun í kjölfar niðurstaðna úr könnunum, greiningum og öðru innra mati	Samræming námsmats	Sameiginleg sýn, ígrundun og vinnubrögð

Framfarir		
Skýr stefna um endurmenntun allra starfsmanna		Skýr viðmið um árangur og markmið
Jákvæð samskipti og gott upplýsingaflæði milli heimilis og skóla	Jákvæður vilji til frampróunar	Gerum gott betra. Notum innra mat til að endurmeta starfshætti og leita leiða til umbóta

2.1.1. Skólasýn og stefna Glerárskóla



Hugur: Vísar til skapandi huglægra viðfangsefna. Nemendur byggi upp þekkingu og færni á fjölbreyttan hátt með gagnrýninni hugsun. Lögð er áhersla á sjálfstæða hugsun og röksemdarfærslu, virkni nemenda og fjölbreyttar kennsluaðferðir sem taka mið af grunnþáttum menntunar. Með reynslu og virkri þátttöku byggir nemandinn upp eigin þekkingu. Í öllu námi sé tillit tekið til áhuga nemenda og ábyrgðar á eigin námi.

Hönd: Vísar til skapandi verklegra viðfangsefna. Nemendur þjálfu verklega hæfni og samhæfingu hugar og handa, virki ímyndunaraflíð og sjái nýja möguleika við skapandi úrvinnslu hugmynda. Áhersla er á vinnuferlið allt, frá hugmynd til endanlegrar afurðar. Þannig sameinast hugur og hönd í þroska sérhvers nemanda.

Heilbrigði: Vísar til þess að móta sér ábyrgan lífsstíl og lífsgildi. Þetta felur m.a. í sér að rækta andleg verðmæti, líkamlegt heilbrigði og félagslegan styrk. Leitast er við að efla samkennd, sjálfstraust, virðingu og ábyrgð. Þeir sem rækta með sér heilbriggt lífverni eru betur undir það búnir að takast á við daglegt líf og skapandi viðfangsefni. Almenn vellíðan er líkleg til að skapa aukinn árangur og jákvæðan skólabrag.

2.1.2. Markmið og leiðir

Markmið skólans og leiðir að þeim hljóma svona:

HUGUR

Nemendur og starfsfólk:

***Byggi upp þekkingu og færni á fjölbreyttan hátt. Eflist í sjálfstæðri og gagnrýnni hugsun.** Sjálfstæð og gagnrýnin hugsun nemenda eflist með fjölbreyttum og ögrandi viðfangsefnum og með því að beita fjölbreyttum kennslutækjum og kennsluaðferðum, svo sem vettvangsferðum, hópastarfi, hefðbundnum innlögnum, hlutbundinni vinnu, lausnaleit, einstaklingsvinnu, leikjum og spilum til náms og þroska.

***Efli virkni og ábyrgð á eigin námi og nýti styrkleika sína og áhuga**

Til þess að nemendur og starfsfólk nái að nýta styrkleika sína og áhuga þurfa verkefni að vera fjölbreytt, krefjandi og við hæfi hvers og eins. Nemendur þurfa að sjá tilgang með

verkefnunum (námi sínu), taka þátt í að gera áætlanir og vera meðvitaðir um eigin framfarir með því að vera þátttakendur í námsmati. Þannig eflist virkni þeirra og ábyrgð í náminu.

HÖND

Nemendur og starfsfólk:

***Efli verklega þætti skólastarfsins og séu meðvitaðir um ferlið frá hugmynd til afurðar**
Hugmyndavinna nemenda og læsi í víðum skilningi er grundvöllur allrar vinnu nemenda, hugmyndavinna sem byggir á frumkvæði, áræðni og læsi, sem tengir þau umhverfi sínu og þekkingu sem þeir yfirfæra yfir á mismunandi svið og aðstæður. Þeir fara á vettvang, úti sem inni og tengja viðfangsefnin sínu áhugasviði og miðlum samtímans og þjálfva verklega hæfni til að vinna með fjölbreyttan efnivið og áhöld, allt eftir því hvað hentar viðfangsefninu hverju sinni.

***Leggi áherslu á samhæfingu hugar og handa og sjái tilgang með námi sínu**
Það eykur athafnaþrá nemenda og frumkvæði að vinna þematengd verkefni jafnt sem hefðbundin, leita lausna á viðfangsefninu og beita gagnrýnni og skapandi hugsun við lausn viðfangsefna. Nemendur sjá frekar tilgang með verkefnavinnunni ef þau tengjast þeim á einhvern hátt, þeirra nærumhverfi, fjærumhverfi, nútíð og fortíð.

HEILBRIGÐI

Nemendur og starfsfólk:

***Móti með sér ábyrgan lífsstíl**
Það eykur vellíðan og jákvæðan skólabrag að temja sér hollar matarvenjur, hreinlæti og svefntíma í samræmi við manneldismarkmið. Í því felst meðal annars almenn þekking á hollustu fæðutegunda sem leiðir til þess að þeir geta sjálfir byggt upp sitt mataræði á ábyrgan hátt, nýting og endurvinnsla á matvælum, almennt hreinlæti hvað varðar eigin líkama og umhverfi og virðing fyrir hvíldarþörf líkamans.

***Rækti andlegt og líkamlegt heilbrigði**
Þeir sem rækta með sér heilbriggt lífverni eru betur undir það búnir að takast á við viðfangsefni daglegs lífs. Líkamlegt heilbrigði felst ekki síst í daglegri hreyfingu og líkamlegri þjálfun sem fer fram í öruggu skólaumhverfi, hvort sem er inni eða úti, á útivistardögum, gönguferðum, skólahlaupi og/eða í markvissri útikennslu.

***Rækti félagslegan styrk, með því að efla samkennd, sjálfstraust, virðingu og ábyrgð**
Að móta sér ábyrg lífsgildi felur í sér að rækta andleg verðmæti og virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum. Í því felst markviss lífsleikni þekking, jafningjafræðsla, virðing fyrir lýðræði, jafnrétti og jákvæðum aga til orðs og athafna, sem birtist í allri framgöngu nemenda bæði innan og utan skólans. Í lærdómssamfélagi vinna allir að sama marki og hugsa um hag heildarinnar jafnt sem eigin styrk og réttindi.

2.1.3. Jákvæður agi

Agastefna skólans byggir á jákvæðum aga þar sem bekkjarfundir eru lykilatriði. Við leggjum til grundvallar uppeldisstefnu sem nefnist „Positive discipline“ á ensku en hún er náskyld Uppbyggingarstefnunni sem margir skólar hér á landi nýta sér. Þessar stefnur eiga það sameiginlegt að vera þróaðar út frá svokallaðri „sjálfsstjórnarkenningu“ sem felur það í sér að horft er á orsakir hegðunar og það gildismat sem býr að baki þegar leitast er við að ná fram leiðréttingu, frekar en að reyna einfaldlega að breyta hegðuninni með umbun og refsingu. Hugmyndafræðin „jákvæður agi“ gengur út á það að móta skólabrag sem einkennist af umhyggju og byggist á gagnkvæmri virðingu, reisu, vinsemd og festu. Fellur agastefnan „jákvæður agi“ mjög vel að hugmyndakerfi Olweusar. Við leitumst við að fá nemendur til að tileinka sér þrjú viðhorf og fjórar tegundir af hæfni. Þessir hlutir eru m.a. kenndir og þjáfaðir markvisst með bekkjarfundum. Þetta eru:

Sjálfstraust. (Viðhorf nemanda: „Ég get“). Til að þróa með sér sjálfstraust þurfa nemendur öruggt andrúmsloft þar sem þeir geta prófað sig áfram með nám og hegðun án þess að felldir séu harðir dómur um velgengni eða mistök, rétt eða rangt. Bekkjarfundir geta búið til öruggt umhverfi þar sem nemendur geta mátað hegðun sína í umburðarlyndu andrúmslofti, uppgötvað hvernig hún snertir aðra og kannað möguleika á breytingum.

Að tilheyrja. (Viðhorf nemanda: „Ég tilheyrir og mín er þörf“). Til að öðlast tilfinningu fyrir mikilvægi í samfélaginu þurfa nemendur að upplifa að deila tilfinningum, hugsunum og hugmyndum með öðrum og að þær séu teknar alvarlega. Á bekkjarfundum hafa allir tækifæri til að láta sínar skoðanir og tillögur í ljós. Nemendur læra að þeir geta lagt sitt af mörkum við að finna lausnir og geta fylgt völdum lausnum eftir á áhrifaríkan hátt.

Áhrif. (Viðhorf nemanda: „Ég hef áhrif á umhverfi mitt og líf“). Til að nemendur öðlist tilfinningu fyrir áhrifum og valdi yfir þeirra eigin lífi, þurfa þeir að upplifa umhverfi sem leggur áherslu á áreiðanleika og hvatningu. Bekkjarfundir búa til aðstæður þar sem nemendur geta upplifað að það sé í lagi að gera mistök og að hægt sé að læra af þeim. Á bekkjarfundum geta nemendur lært að það er í lagi að taka ábyrgð á mistökum sínum því að þeir verða ekki dæmdir en fá þess í stað aðstoð við að kanna möguleika til að læra af þeim. Þeir læra að hætta að kenna öðrum um (kennarinn gaf mér D) og fallast á eigin ábyrgð (ég fékk D af því að ég kláraði ekki verkefnið svo ég fengi hærra einkunn). Þeir læra einnig að þó þeir geti ekki stjórnað öllu sem gerist geta þeir stjórnað eigin viðbrögðum við því sem gerist.

Innsæi/tilfinningagreind. Hæfni nemanda til að skilja tilfinningar og að geta notað þann skilning til að þróa sjálfsaga, sjálfsstjórn og að læra af reynslunni. Bekkjarfundir hjálpa nemendum að gera greinarmun á tilfinningum og athöfnun/afleiðingum athafna. Þeir læra að þær tilfinningar sem þeir upplifa (reiði) er annað en aðgerðir (lemja einhvern) og að tilfinningar eru alltaf eðlilegar og ásættanlegar þó að vissar aðgerðir séu það ekki. Þeir læra að nota „ég-boð“ um tilfinningar sínar og að nota mismundandi leiðir til að tjá og fást við tilfinningarnar. Á bekkjarfundum virðast nemendur vera fúsari að hlusta hver á annan en á fullorðna. Þeir gefa hvor öðrum endurgjöf sem hjálpar þeim að þróa með sér sjálfsaga og sjálfsstjórn og að læra af reynslunni.

Samskiptahæfileikar. Hæfni nemenda til að vinna með öðrum með góðum samskiptum, skipulegri samvinnu, samningum, virkri þátttöku, hlustun og samhygð. Bekkjarfundir gefa frábært tækifæri fyrir nemendur til að þróa samskiptahæfni sína með samræðum og með því að deila skoðunum, reynslu og tilfinningum. Með því að hlusta og setja sig í spor annarra, vinna saman, semja um lausnir og hjálpast að við að leysa deilumál. Í

stað þess að blanda sér í og leysa málin fyrir nemendur geta kennarar bent á að málin séu sett á dagskrá bekkjarfunda svo þeir geti saman fundið lausnir sem allir græða á.

Ábyrgð. Hæfni nemenda til að bregðast við takmörkunum og afleiðingum í daglegu lífi með ábyrgð, aðlögunarhæfni, sveigjanleika og heiðarleika. Bekkjarfundir gefa nemendum tækifæri til að greina atburði og reynslu, að kunna skil á afleiðingum og valkostum og æfa sig á að velja ábyrga kosti. Þetta dregur úr vonbrigðum og óþoli, reiði og tilhneigingum til að sýna óæskilega hegðun.

Dómgreind. Hæfni nemenda til að nýta reynslu sína og þekkingu til að meta aðstæður og aðgerðir með hliðsjón af réttu gildismati. Nemendur þróa með sér góða dómgreind þegar þeir hafa tækifæri og hvatningu til að æfa sig í að meta kosti og taka ákvarðanir í umhverfi sem leggur áherslu á viðleitnina til að gera betur. Þetta er prýðileg lýsing á því hvað gerist á áhrifaríkum bekkjarfundi. Of margir fullorðnir búast við að nemendur þrói með sér dómgreind án þess að þeir fái tækifæri til að æfa sig, gera mistök, læra og reyna aftur. Reglulegir bekkjarfundir gefa nemendum góðan tíma til þess.

Bekktjarfundir eru grundvallaratriði í framkvæmd stefnunnar því að þar fá nemendur tækifæri til að æfa framangreind atriði í öruggu umhverfi. Því er lögð mikil áhersla á að kenna rétta framkvæmd þeirra, þeir séu haldnir eftir settum reglum og nægilega oft. Í framkvæmd bekkjarfundanna er lögð áhersla á eftirfarandi:

- ✓ Við myndum hring
- ✓ Við veitum hrós og viðurkenningar
- ✓ Við vinnum skv. ákveðinni dagskrá
- ✓ Við þróum samskiptahæfnina með æfingum
- ✓ Við lærum um mismunandi skynjun/veruleika
- ✓ Við lærum um fjórar ástæður þess að fólk gerir það sem það gerir
- ✓ Við æfum hlutverkaleiki og hugflæði
- ✓ Við einbeitum okkur að lausnum án refsinga

Stefnunni fylgja einnig fleiri atriði eins og að starfsmenn læri að skilja ástæður „rangrar“ hegðunar nemenda, að samskipti þeirra við nemendur séu hvetjandi, að byggt sé upp traust og gott samband milli heimila og skóla, að starfsmenn vinni saman í teyrum og hjálpist að við að finna lausnir á vandamálum sem upp koma, og síðast en ekki síst gerir hugmyndafræðin ráð fyrir að kennarar tileinki sér fjölmargar hagnýtar aðferðir við bekkjarstjórnun en þær eru eftirfarandi:

- ✓ Að gefa nemendum ákveðna valkosti
- ✓ Að fela nemendum ákveðin verkefni eða ábyrgð í skólanum/kennslustofunni
- ✓ Þrautalausnir
- ✓ Eftirfylgni með virðingu og reisn
- ✓ Spyrja (ekki segja) „hvað,“ „hvers vegna“ og „hvernig“
- ✓ Leiðbeinandi spurningar
- ✓ Gera ekkert (augljósar afleiðingar)
- ✓ Ákveða hvað við gerum
- ✓ Segja NEI með virðingu og reisn
- ✓ Framkvæma meira - tala minna
- ✓ Setja alla í sama bátinn
- ✓ Jákvæð einvera nemenda

2.1.4. Áætlun gegn einelti

Stefnuyfirlýsing:

Starfsfólk Glerárskóla lýsir því yfir að hvorki einelti né annað ofbeldi verður liðið í skólanum. Leitað verður allra leiða til að leysa þau mál sem upp koma á farsælan hátt. Glerárskóli á að vera öruggur vinnustaður þar sem starfið mótast af virðingu og umhyggju. Starfsfólk skólans verði nemendum fyrirmynd í framkomu við þá og aðra. Nemendum verði markvisst kennd góð samskipti frá skólabyrjun. Nemendur skulu hvattir til að taka afstöðu gegn einelti og ofbeldi í verki með því að bregðast við til hjálpar og láta vita. Gera skal nemendum grein fyrir því að það að skilja útundan og virða ekki viðlits er jafnmikið einelti og að hæðast að eða berja.

Einelti er:

- Endurtekið áreiti.
- Misbeiting á valdi.
- Viðhaft af einum eða fleirum.
- Í ýmsum myndum.

Benda má á að einelti birtist nú æ oftar á „rafrænu formi“ þ.e. með sms-skilaboðum, á spjallrásum, facebook, mynd og textabirtingum, bloggi, snapchat, instagram, heimasíðum o.s.frv.. Æskilegt er að foreldrar skoði reglulega netnotkun barna sinna. Viljum við biðja foreldra að vera vakandi yfir þessum atriðum og ef einhver grunur er um einelti að láta þá umsjónarkennara barnsins vita og tilkynna það formlega á þar til gerð eyðublöð sem finna má á heimasíðu skólans (undir Starfshættir, Eineltisáætlun).

Glerárskóli hefur unnið samkvæmt **eineltisáætlun Olweusar** og munum við halda áfram að nota þær starfsaðferðir Olweusar sem við höfum tileinkað okkur til að uppræta einelti.

Bekkjarfundir eru undirstaða þeirrar vinnu en í Glerárskóla er afar margt gert til þess að fræða nemendur um einelti og afleiðingar þess. Meðal þess sem gert er:

- Fræðsla inn í hverjum bekk reglulega.
- Fræðsla fyrir starfsfólk.
- Hver bekkur er reglulega með bekkjarfundi þar sem eineltismál eru rædd ásamt öðru.
- Tengslakannanir eru lagðar fyrir tvisvar á vetri, í október og febrúar.
- Stór eineltiskönnun er lögð fyrir nemendum í nóvember/desember.
- Hver bekkur gerir bekkjarsáttmála að hausti.
- Kennarar skrá í Mentor ef eitthvað kemur upp á í skólanum.
- Ýmis myndbönd um einelti eru sýnd.
- 8. bekkur sér eineltismyndband og tekur þátt í umræðum með námsráðgjafa.

Foreldrum er tilkynnt um þá vinnu sem fram fer og boðað er til fundar með þeim ef þurfa þykir. Nánari umfjöllun um einelti er á heimasíðu skólans.

Árlega taka nemendur skólans sem eru í 5. – 10. bekkjum þátt í staðlaðri könnun Olweusar sem mælir einelti o.fl. þætti. Við fáum síðan niðurstöðurnar sendar til okkar. Einelti í Glerárskóla hefur mælst á eftirfarandi hátt síðustu árin:

Nóv. 2008	Nóv. 2009	Nóv. 2010	Nóv. 2011	Nóv. 2012	Nóv. 2013	Nóv. 2014	Nóv. 2015	Nóv. 2016	Nóv. 2017	Jan. 2019	Des. 2019
3,1%	3,7%	6,6%	4,6%	4,8%	7,7%	4,4%	3,7%	8,3%	6,0%	3,7%	6,4%

Skólapúlsinn er lagður reglulega fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra. Þar er einelti mælt og hefur skólinn mælst marktækt undir landsmeðaltali síðustu ár. Árið 2020 fylgir skólinn landsmeðaltali.

2.1.5. Umhverfismál:

Starfsfólk og nemendur Glerárskóla hafa unnið mikið í umhverfismálum síðustu skólaár og svo verður áfram. Umhverfisnefnd starfar í skólanum, í henni sitja fulltrúar starfsmanna og nemendur (sjá nöfn á heimasíðu).

Síðan 12. september 2008 hefur skólinn flaggað Grænfánanum.

Umhverfissáttmáli hefur verið samþykktur.

Umhverfissáttmáli Glerárskóla

Glerárskóli vill efla vitund nemenda og starfsmanna skólans um umhverfismál og vekja til umhugsunar um sameiginlega ábyrgð á umhverfinu.

Glerárskóli er Grænfánaskóli, en Grænfáninn er alþjóðlegt umhverfismerki samtakanna FEE (Foundation for Environmental Education). Með þessu verkefni viljum við í Glerárskóla auka vægi umhverfismenntar í skólanum.

Markmið verkefnisins eru að:

- Bæta umhverfi skólans, minnka úrgang og notkun á vatni og orku.
- Efla samfélagskennd innan skólans.
- Auka umhverfisvitund með menntun og verkefnum innan kennslustofu og utan.
- Styrkja lýðræðisleg vinnubrögð við stjórnun skólans þegar teknar eru ákvarðanir sem varða nemendur.
- Veita nemendum menntun og færni til að takast á við umhverfismál.
- Efla alþjóðlega samkennd og tungumálakunnáttu.
- Tengja skólann við samfélag sitt, fyrirtæki og almenning.

Framkvæmd stefnunnar í Glerárskóla

- Efla markvissa umhverfismennt í skólanum
- Umhverfismennt skal vera samofin sem flestum námsgreinum
- Nemendur og starfsfólk skulu vera vel upplýst um náttúru- og söguminjar í umhverfi skólans
- Fylgst sé með stöðu umhverfismála í skólanum á hverjum tíma
- Gerðar séu áætlanir um aðgerðir og forgangsröðun verkefna
- Upplýsa aðra um umhverfisstefnu okkar og fá fleiri í lið með okkur.
- Fræðsla um umhverfismál í öllum bekkjum með sérstakri áherslu á að kynna nemendum nánasta umhverfi og lífríki þess.
- Virkt samstarf við félagasamtök og áhugamenn um umhverfismennt og útivist.
- Nemendum og starfsfólki verði gert auðvelt að koma hugmyndum sínum og skoðunum varðandi umhverfismál á framfæri.
- Í skólanum sé hvatt til útivistar og hreyfingar.
- Skólalóðin sé aðlaðandi og hvetji til útivistar og hreyfingar.
- Með aukinni endurnotkun og sparsemi verði sorp eins lítið og hægt er.

Umhverfissáttmála skólans á að endurskoða reglulega. Skólaárið 2019-2020 unnu nemendur í umhverfisnefnd nýjan sáttmála sem settur var upp framan við mótuneyti skólans.

Umhverfissáttmáli Glerárskóla 2020:

- Glerárskóli vill efla vitund nemenda og starfsmanna skólans um umhverfismál og vekja okkur öll til umhugsunar um sameiginlega ábyrgð á umhverfinu.
- Glerárskóli ætlar að efla lýðheilsu, endurvinnu og flokka. Minnka úrgang og neyslu.
- Vinnum saman að verndun jarðar.

Haustið 2012 unnu nemendur og starfsfólk nýjan **umgengnissáttmála** sem byggður er á stefnu skólans í umhverfismálum og jákvæðum aga auk skólasýnarinnar.

Umgengnissáttmáli nemenda Glerárskóla hljóðar svona:

- ✓ Við komum fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur
- ✓ Við göngum rólega um húsnæði skólans
- ✓ Við göngum í röð þegar hópar fara á milli svæða/stofa
- ✓ Við notum inniröddina alls staðar í skólanum
- ✓ Við göngum vel um húsnæði skólans og skólalóðina
- ✓ Við höldum umhverfi okkar hreinu og flokkum rétt
- ✓ Við sýnum hvert öðru virðingu og erum kurteis og hjálpsöm
- ✓ Við hlustum á starfsfólk skólans og förum eftir fyrirmælum
- ✓ Við virðum skólareglur og bekkjarsáttmála

Leiðtogaskóli um matarsóun. Skólinn tók að sér að verða í forystu skóla á Akureyri í tengslum við umhverfisáskorun Norrænu ráðherranefndarinnar vegna matarsóunnar. Verkefnið hófst á haustdögum 2015 og stóð fram í mars 2016. Vinna gegn matarsóun hefur haldið áfram í skólanum síðan þá.

2.2. Kennslufræðileg stefna

2.2.1. Kennsluhættir

Kennurum er ætlað að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir við kennslu. Kennsluaðferðir, vinnubrögð og námsgögn í skólanum eiga að miðast við þau hæfniviðmið úr Aðalnámskrá sem stefnt er að hverju sinni og vera útfærð þannig að möguleikar nemenda að ná þeim séu nýttar til hins ýtrasta. Byrjendalæsi, samvinnunám, söguaðferð, leikræn tjáning, hlutverkaleikir, vettvangsferðir og útikennsla eru meðal þeirra kennsluaðferða sem kennarar hafa notað auk annarra leiða sem farnar eru til kennslu og getið er um í námsáætlunum. Hvetjandi námsumhverfi styður við og örvar áhuga nemenda.

2.2.2. Læsi

Byrjendalæsi er kennsluaðferð ætluð yngri börnum. Kennsluaðferðin hefur verið mótuð og þróuð við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri sem hefur veg og vanda af eftirfylgni og menntun kennara sem kenna viðkomandi bekkjum. Allir kennarar í 1.–3. bekkjum vinna eftir þessari kennsluaðferð.

Meginmarkmið Byrjendalæsis er að börn nái góðum árangri í læsi sem allra fyrst á skólagöngu sinni. Byrjendalæsið nær til allra þátta móðurmálsins, því er vinna með tal, hlustun, lestur og ritun felld saman í eina heild. Gengið er út frá því að börn þurfi lesefni sem kveikir áhuga þeirra, að textinn sé merkingarbær, ýti undir ímyndunaraflíð og hvetji nemendur til gagnrýnnar hugsunar. Jafnframt er áhersla á aukinn orðaforða, lesskilning og ritun. Stór þáttur í aðferðinni er að læra að hlusta og taka eftir, læra ný orð, muna söguþráð og geta sagt frá. Vinnubrögð eru fjölbreytt og kalla á samvinnu nemenda. Þjálfun nemenda fer að talsverðu leyti fram í gegnum leik af ýmsu tagi.

Byrjendalæsi fellur vel að einstaklingsmiðuðu námi. Gert er ráð fyrir að hægt sé að kenna börnum sem hafa ólíka færni í lestri hlið við hlið. Allir fá sama grunn en einstaklingsþörfum er mætt innan nemendahópsins.

Læsi fyrir lífið felur í sér að efla læsi nemenda á mið-og unglingastigi með fjölbreyttum aðferðum. Markmiðið er að efla læsisfærni nemenda ár frá ári og að læsi fléttist inn í allt skólastarf alla daga ársins. Í verkefninu er lögð áhersla á að mæta þörfum nemenda þar sem þeir eru staddir námslega og stuðla að auknum áhuga, virkni og árangri þeirra. Verkefnið ýtir undir nýsköpun í kennsluháttum þar sem unnið er með læsi á nýstárlegan hátt í öllum námsgreinum eftir aðferðum sem rannsóknir hafa sýnt að séu árangursríkar. Í verkefninu er lögð áhersla á námsaðlögun en í henni felst að kennari skipuleggur námið á þann hátt að einstaklingsþörfum sé mætt innan bekkjarins með fjölbreyttu námsefni, vinnubrögðum og námsleiðum sem fela ekki í sér náms- og félagslega aðgreiningu nemenda, þ.e. allir nemendur fá kennslu við hæfi innan skólastofunnar.

2.2.3. Heimanám

Öllum nemendum skólans er ætluð hófleg heimavinna. Heimanám er sérstaklega ætlað til þess að æfa nemendur í atriðum sem hafa verið kennd í skólanum og til þess að gefa foreldrum/forráðamönnum tækifæri til þess að fylgjast með og taka þátt í námi barna sinna, veita þeim stuðning og hvatningu.

Hjá yngri nemendum skólans er vikuáætlun um heimanám o.fl. send heim með nemendum og/eða sett inn á Mentor.is. Hjá eldri nemendum skólans setja kennarar inn á Mentor.is hvað er til heimanáms.

Kennarar nota Mentor.is til að auðvelda samskipti skóla og heimila og margt annað varðandi námið og kennsluna.

Heimanámið er eitt af mikilvægustu samstarfsverkefnum heimila og skóla.

Námsaðstoð og aðstoð við stærðfræðiverkefni í moodle er í boði sem valgrein í 8.–10. bekk en að öðru leyti stendur nemendum ekki til boða stuðningur við heimanám.

2.2.4. Námsbækur

Menntamálastofnun sér skólunum fyrir námsbókum. Nemendur fá þannig allar kennslubækur í skólanum ókeypis. Þetta eru bækur sem nemendur **fá lánaðar** meðan verið er að fara yfir tiltekið námsefni. Þá fá nemendur til eignar ýmsar verkefna- og vinnubækur (einnota bækur).

Eyðileggi eða glati nemandi kennslubók sem hann hefur að láni þarf hann að kaupa nýja.

2.2.5. Skólasafn

Skólasafnið er til húsa í stjórnunarálmum skólans. Í safninu eru alls um 13.000 eintök fræði- og skáldrita til útlána fyrir nemendur og starfsfólk skólans. Á safninu er einnig mikið úrval af tímaritum og spilum svo eitthvað sé nefnt. Nemendur geta fengið lánaðar bækur til lestrar í skólanum og heima. Lánstíminn er tvær vikur eða eftir nánara samkomulagi. Skólasafnið er lokað þegar safnkennsla er í gangi.

Á skólasafninu fer alla jafna fram fjölbreytt vinna nemenda og kennara. Í unglinga-deildum fer kennsla í upplýsingaleit fram í tengslum við verkefnavinnu í samvinnu við fagkennara. Sögustundir eru fyrir yngstu nemendurnar, lestrarörvun á öllum stigum. Nemendur nota safnið mikið við heimildaleit í tengslum við ritgerðir og önnur verkefni. Einnig geta nemendur unnið heimavinnu á safninu þegar það er opið. Tölvur, Ípadar, skanni og prentari eru á safninu til afnota fyrir nemendur.

Bókmenntakynningar ætlaðar nemendum eru í desember á skólatíma. Einnig hafa verið fengnir rithöfundar til að lesa úr verkum sínum fyrir nemendur. Í safninu eru settar upp margskonar sýningar s.s. bókasýningar, sýningar á verkum nemenda og sýningar í tengslum við þemavikur.

Markmið með kennslu og störfum á skólasafni eru að:

- Örva áhuga nemenda á lestri fagurbókmennta og fræðiritra.
- Þjálfar lestrarfærni nemenda.
- Veita leiðbeiningar um hvernig nýta megi safnkost.
- Þjálfar nemendur í sjálfstæðum vinnubrögðum.
- Æfa nemendur í að vinna úr heimildum, draga ályktanir og gera munnlega og skriflega grein fyrir hugmyndum sínum.

Safnkosturinn er tengdur við Landskerfi bókasafna eða Gegni (gegnir.is). Með sérstöku aðgangsorði eiga lánþegar að geta nálgast upplýsingar um safnkost og útlán á vefsíðu Gegnis. Nánari upplýsingar um safnið má sjá á heimasíðu skólans.

2.2.6. Stoðþjónusta - Sérkennsla

Í Glerárskóla er lögð áhersla á að vinna í anda stefnunnar um skóla án aðgreiningar. Í 17. grein laga um grunnskóla frá árinu 2008 kemur fram að allir nemendur eigi rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í almennum grunnskóla án aðgreiningar. Þessu er fylgt eftir í aðalnámskrá grunnskóla með stefnunni um skóla án aðgreiningar þar sem gengið er út frá því að allir fái jöfn eða jafngild tækifæri til náms og að námið sé á forsendum hvers einstaklings. Stefnan skóli án aðgreiningar gerir ráð fyrir að allir nemendur á grunnskólaaldri hafi rétt til að vinna að námsmarkmiðum sínum sem virkir þátttakendur í námsumhverfi sem heimaskólar skapa nemendum sínum. Jafnframt eiga nemendur að hafa lýðræðislegan rétt til að koma með óskir og hafa áhrif á það hvernig stuðningi við þá er háttað.

Þjónusta stoðteymis Glerárskóla felur í sér samvinnu og ráðgjöf bæði við nemendur og starfsfólk skólans. Stoðteymi Glerárskóla leggur sig fram við að byggja upp námsumhverfi skólans þannig að allir nemendur séu þátttakendur þar sem fjölbreytileiki er eðlilegur og eftirsóknarverður. Sú vinna felur aðallega í sér breytingu, miðað við bekkjarnámskrá, á námsmarkmiðum, námsefni, námsaðstæðum og/eða kennsluaðferðum. Stoðteymið aðstoðar nemendur við að vinna eftir einstaklingsmiðuðum náms- og stundaskráum eftir þörfum þar sem þeir hafa jafnframt kost á því að takast á við verkefni með jafnöldrum í gegnum fjölbreytta kennsluhætti í öllum fögum skólans. Sérúrræði fyrir nemendur fara ýmist

fram einstaklingslega, í þörum eða smærri hópum en einnig inni í heimabekk, allt eftir þörfum hverju sinni.

Að vori skila umsjónarkennarar tilvísunum til stoðteymis með óskum um aðstoð vegna náms,- tilfinninga- eða hegðunarvanda. Þær tilvísanir eru teknar fyrir strax að hausti í skólabyrjun þar sem stoðteymið skiptir á milli sín verkefnum og teymisstjórn yfir nemendum sem á þurfa að halda. Einnig er stöðugt og markvisst unnið að því að finna og vinna sérstaklega með börnum sem eru í áhættuhópi vegna náms- og viðvarandi hegðunarerfiðleika. Það er gert með skimunum, snemmtækri íhlutun og samvinnu við umsjónarkennara, foreldra og ráðgjafa frá Fræðslusviði Akureyrarbæjar. Þegar upp kemur vandi hjá einstökum nemendum/börnum eða námshópum er lögð áhersla á að vandinn sé skilgreindur og úrræði valin í samræmi við niðurstöður greiningar. Í allri vinnu stoðteymisins er lögð áhersla á að mæta nemendum þar sem þeir eru staddir og að nemendur séu sjálfstæðir, taki ábyrgð á námi sínu, nálgist viðfangsefni í gegnum áhugasvið sín en hafi jafnframt tækifæri til að hafa áhrif á kennsluhætti og námsumhverfi. Stoðteymið fundar einu sinni í viku og oftár eftir þörfum.

2.2.7. Nýbúafræðsla

Leitast er við að bjóða tvítyngdum nemendum sem þess þurfa stuðning við lesgreinar í skólanum. Áhersla er lögð á þjálfun í þeim orðaforða sem verið er að vinna með í námsefninu. Einnig er leitast við að nemendur fái stuðning í íslensku. Sérkennari sér um stuðning við þessa nemendur í samráði við umsjónar- og faggreinakennara og ráðgjafa frá fræðslusviði Akureyrarbæjar.

Námsráðgjöf getur hentað þessum nemendum vel.

2.2.8. Forfallakennsla

Öll forföll skulu leyst, ef þess er nokkur kostur, í 1.–5. bekk. Nemendur eru því ekki sendir heim nema í neyðartilvikum. Í 6. og 7. bekk er alltaf reynt að leysa forföll umsjónarkennara og langtímaforföll fagkennara.

Forföll faggreinakennara í 7.–10. bekk sem vara í einn dag eru ekki leyst nema í þeim tilvikum þar sem afleysingakennari er á lausu.

Öll forföll sem ljóst er að vara lengur en 3 daga er reynt að leysa. Skólinn hefur þau úrræði að nemendur vinna eftir áætlun kennara í stofu sinni undir mismiklu eftirliti fullorðinna til að skapa örugga viðveru á skólatíma þegar ekki reynist mögulegt að leysa forfallakennslu. Einnig er bókasafnið nýtt ef ekki er verið að kenna þar. Huga þarf sérstaklega að þörfum barna með sérþarfir þegar ekki tekst að leysa forföll. Umsjón með forfallakennslu skólans er í höndum deildarstjóra.

2.3. Uppeldisfræðileg stefna

Skólinn er fjölmennur vinnustaður, nemenda og starfsfólks. Eitt af mikilvægustu markmiðum okkar er að þar líði öllum vel og að vinnufriður sé góður. Til þess að árangur náist þurfum við öll að leggja okkur fram og sýna kurteisi og tillitssemi í samskiptum.

Skólinn fylgir agastefnu um Jákvæðan aga og eineltisáætlun Olweusar (sjá framar).

2.3.1. Skólareglur Glerárskóla

Skólareglur Glerárskóla eru settar í samræmi við reglugerð (1040/2011) um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

Umsjónarkennarar skulu kynna nemendum sínum og forráðamönnum skólareglurnar og viðurlög við þeim.

Í reglugerð (1040/2011) segir m.a.:

8. gr. „Í hverjum grunnskóla skal setja skólareglur sem skylt er að fara eftir“.

9. gr. „Í skólareglum skal m.a. kveðið á um almenna umgengni, samskipti, háttsemi, stundvísi, ástundun náms, hollustu og heilbrigðar lífsvenjur, ábyrgð, réttindi og skyldur. Í reglunum skal koma fram hvernig skólinn hyggst bregðast við brotum á þeim“.

Skólareglur Glerárskóla:

Almenn umgengni:

- Við temjum okkur góða hegðun
- Við förum eftir fyrirmælum
- Við göngum vel um skólann og skólalóðina
- Við göngum frá eftir okkur
- Upplýsingaöflun, mynd og hljóðupptökur fara eingöngu fram með leyfi starfsfólks
- Myndbirtingar eru aðeins leyfðar með samþykki/undirskrift foreldra

Samskipti:

- Við erum góðar fyrirmyndir
- Við komum fram við aðra eins og við viljum að aðrir komi fram við okkur
- Við sýnum virðingu, kurteisi og tillitssemi – og tilkynnum einelti
- Við notum inniröddina alls staðar í skólanum
- Við berum virðingu fyrir þeim sem stunda nám sitt vel

Hollusta og heilbrigði:

- Við komum vel hvíld í skólann
- Við komum með hollt og gott nesti í skólann en skiljum sælgæti, orkudrykki og tyggjó eftir heima
- Við förum heim með eigin umbúðir
- Við drögum úr matarsóun með því að skammta okkur hóflega
- Við erum umhverfisvæn og flokkum samviskusamlega

Ábyrgð:

- Við berum ábyrgð á eigin framkomu og hegðun
- Við berum ábyrgð á persónulegum verðmætum sem við komum með í skólann
- Við förum vel með eignum skólans og annarra
- Við fáum leyfi ef við þurfum að yfirgefa skólalóðina

Réttindi og skyldur:

- Við fylgjum skólareglum
- Við hlýtum fyrirmælum kennara og starfsfólks í öllu sem skólann varðar
- Við bætum tjón sem við höfum valdið á eignum skólans
- Við neytum ekki vímuefna

Námið:

- Við berum ábyrgð á eigin námi
- Við mætum stundvíslega í kennslustundir
- Við sinnum náminu með jákvæðum huga og nýtum tímann vel til náms
- Við virðum vinnufrið í kennslustundum

- Við sinnum heimanámi, skilum tímanlega – virðum skilafrest

Reglur um notkun snjallsíma:

- Við geymum símana okkar alltaf í skólatöskunni eða í símageymslum á skólatíma nema kennari leyfi notkun þeirra við námið
- Við notum símana aðeins í Skýjaborgum, hvergi annars staðar
- Sömu reglur gilda um símaúr

Reglur Glerárskóla um farartæki á hjólum

- Notkun reiðhjóla, hjólabretta, hlaupahjóla og línuskauta er óheimil á skólalóðinni á skólatíma, frá kl. 08:00–16:00, meðan framkvæmdir standa yfir í og við Glerárskóla.
- Nemandi sem kemur á farartæki á hjólum í Glerárskóla gerir það á **ábyrgð forráðamanna** sem skulu meta færni og getu nemandans sem og aðstæður til að koma á slíku tæki í skólann.
- Nemendur geta ekki geymt „farartæki“ sín innan dyra í skólanum.
- Samkvæmt landslögum skal nemandi ætíð nota hjálm og annan viðeigandi öryggisbúnað miðað við það farartæki sem hann er á í skólanum eða annarsstaðar þar sem hann er á vegum skólans.
- Þegar komið er á farartæki á hjólum í skólann á að geyma það læst á skólalóðinni í eða við hjólagrindur. Rafknúnum tækjum skal leggja á merktu bílastæði. Skólinn ber enga ábyrgð á farartækjum þessum. Ef þau týnast, skemmast eða er stolið getur viðkomandi kært til lögreglu.
- Ef nemandi notar farartæki á hjólum á skólalóð á skólatíma, á annan hátt en getur um í reglum skólans, mun skólinn hafa samband við forráðamenn og biðja þá að sækja tækið.
- Rafknúin farartæki eru ekki leyfileg á skólalóðinni á skólatíma.

Vert er að taka fram að á hjólabraut norðan við skólann eru tvö tæki sem eingöngu eru ætluð nemendum 10 ára og eldri. Þessi tæki eru merkt með rauðri línu og aldursmörkum.

Umgengisreglur í matsal:

- Við notum almenna borðsiði í matsal
- Við minnkum matarsóun með því að skammta okkur hóflega
- Við þrífum eftir okkur ef við sullum niður
- Við göngum frá diskum, glösum og hnífapörum
- Yfirhafnir og höfuðföt eiga ekki heima í matsal
- Við tölum hljóðlega og erum kurteis

Unnið á skólapingi vorið 2018

2.3.2. Reglur um mætingar nemenda

Góð mæting í skóla er viðamikill þáttur í farsælli skólagöngu og vellíðan barna og unglunga. Miklar fjarvistir úr skóla geta verið kvíðavaldandi fyrir börn og unglunga og haft áhrif á þróun skólaforðunar og versnandi námárangur þegar misst er ítrekaðu úr námi.

Allt skólasamfélagið (forsjáraðilar, nemendur, starfsfólk skóla) verður að bera virðingu fyrir mikilvægi skólasóknar alla 180 skóladaga nemenda í grunnskóla á hverju ári. Mikilvægt er að skráð sé raunmæting í lok skólaárs á vitnisburðarblað nemanda. Með raunmætingu er átt við að tekið er tillit til allra fjarvista, hverju nafni sem þær nefnast og þær reiknaðar sem prósentuhlutfall af skólasókn yfir skólaárið.

Í grunnskólum Akureyrarbæjar eru fjarvistir og óstundvísi skráðar í Mentor eða Námfús og þar safnast upp punktar sem segja til um ástundun nemandans. Umsjónarkennari upplýsir nemanda /foreldra vikulega um punktastöðu. Ef nemandi/foreldri gera ekki strax athugasemdir við ástundunarfærsluna skoðast hún samþykkt.

- Fyrir seinkomu fær nemandi 1 punkt.
 - Fyrir fjarvist úr kennslustund fær nemandi 2 punkta.
 - Fyrir brottrekstur úr kennslustund fær nemandi 3 punkta.
- Ef nemandi er kominn með 10 punkta ræðir umsjónarkennari við hann. Kennari leitar orsaka fyrir vandanum, hvetur nemandann til þess að bæta sig og gefur honum tækifæri til að tjá skoðanir sínar og leita lausna. Foreldrar eru upplýstir um stöðu mála.
 - Ef nemandi er kominn með 16 punkta eru foreldrar/forráðamenn boðaðir til fundar með umsjónarkennara og stjórnanda þar sem í sameiningu er leitað að leiðum til úrbóta og jafnframt gert samkomulag sem allir aðilar undirrita.
 - Ef nemandi fer yfir 26 punkta er málinu vísað til stjórnenda og í nemendaverndarráð skólans sem m.a. getur óskað eftir aðstoð fræðslu- eða fjölskyldusviðs. Fagfólk þessara sviða gerir áætlun og metur hvort tilkynna þurfi mál til barnaverndar.
 - Fari nemandi yfir 37 punkta tekur barnavernd við málinu.
*sjá frekar á myndrænu yfirliti.

Um veikindi eða fjarvistir sem ekki eiga sér augljósar skýringar (læknisvottorð eða aðrar upplýsingar sem fyrir liggja)

- § Umsjónarkennari / skólahjúkrunarfræðingur kallar eftir læknisvottorði fari veikindi fram yfir 10 daga samfellt.
- § Umsjónarkennari vísar máli nemenda til nemendaverndarráðs fari veikindin yfir 15 daga á önn. Þar er metið til hvaða aðgerða skuli grípa og niðurstaðan skráð. Ef nemandi hefur sögu um veikindi í hverri viku skal fundað með forráðamönnum, umsjónarkennara og stjórnanda og farið yfir stöðuna og næstu skref ákveðin.
- § Haldi ítrekuð veikindi áfram og viðunandi skýringar fást ekki skal nemendaverndarráð taka ákvörðun um hvort málinu verði vísað áfram til HSN og/eða tilkynnt til barnaverndar.

Leyfi nemanda í lengri tíma s.s. vegna æfinga eða ferðalaga

- § Umsókn um lengri leyfi nemanda þarf að vera skriflegt og samþykkt af skólastjóra. Taka þarf fram ábyrgð foreldra á námi barnsins.

§ Ef leyfi er lengra en í tvær vikur þurfa foreldrar/forráðamenn að tryggja að nemandinn haldi námsáætlun skóla eða hafi staðfestingu á skólavist í öðrum skóla.

Reglur um mætingar í íþróttir og sund:

1. Stúlkur geta fengið leyfi úr einum sundtíma í mánuði vegna blæðinga.
2. Nemendur eiga að skila forfallamiða (tilgreina þarf ástæðu) frá foreldrum ef þeir geta einhverra hluta vegna ekki tekið þátt í íþróttum eða sundi.
3. Gleymi nemandi á mið- og unglíngastigi íþróttta-og/eða sundfötum er hann sendur heim til að sækja þau. Gerist það ítrekað hefur íþróttakennari/umsjónarkennari samband við foreldra.
4. Tekið er tillit til mætinga í námsmati. Nemendur sem gleyma forfallamiðum, sund- eða íþróttafötum (þeim sem ekki sækja þau) lækka samkvæmt ákveðnum skala og fá 2 punkta er varða reglur um skólasókn (síðasta atriðið á eingöngu við unglíngadeildir).

5. Ætlast er til þess að strákar komi í sundskýlum í sundtíma en ekki í stuttbuxum eða Bermúdabuxum/strandbuxum.

2.3.4. Viðurlög við brotum á skólareglum:

Viðurlög Glerárskóla eru sem hér segir:

- ✓ Ef nemandi gerist sekur um alvarleg eða endurtekin brot á skólareglum er heimilt að vísa honum tímabundið úr skóla meðan leitað er úrlausna á hans málum enda verði forráðamönnum og skólanefnd tilkynnt tafarlaust um ákvörðun skólans.
- ✓ Ef nemandi veldur verulegri truflun í kennslustund og lætur sér ekki segjast við áminningu kennara er heimilt að vísa honum úr tíma og verður hann þá í umsjón starfsmanns skólans á ákveðnum stað. Komi til slíkrar brottvísunar sækir nemandinn ekki kennslustund hjá viðkomandi kennara fyrr en að afloknu viðtali.
- ✓ Umsjónarkennara skal gerð grein fyrir agabroti nemandans og skal hann láta forráðamann nemandans vita.
- ✓ Starfsmönnum skóla er heimilt að neyta aflsmunar ef nauðsyn krefur til að stöðva ofbeldi eða koma í veg fyrir að nemandi valdi sjálfum sér eða öðrum skaða eða eignatjóni. Í tilvikum sem þessum skal ávallt greina forráðamönnum eins fljótt og auðið er frá málavöxtum.
- ✓ Nemendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem þeir kunna að valda á eignum skólans, starfsfólks eða skólafélaga sinna. Týni nemandi bók sem skólinn lánar honum eða valdi á henni skemmdum skal viðkomandi bæta tjónið.
- ✓ Hafi málum nemandar verið vísað til skólastjóra vegna brota á skólareglum eða skólasókn getur það leitt til þess að viðkomandi verði meinuð þátttaka í nemendaferðum og almennu félagsstarfi skólans.
- ✓ Gerist nemandi sekur um alvarleg brot á skólareglum eða lögum almennt hvar sem er á vegum skólans verður hann sendur heim á kostnað forráðamanna sinna.
- ✓ Virði nemandi ekki reglur um snjalltæki, gefst honum val um að afhenda starfsmanni símann til vörslu eða haft verði samband við foreldra sem koma þá og hitta barn sitt og sækja símann

Kennarar færa inn í Mentor.is í dagbók viðkomandi nemanda brjóti hann reglur skólans og skrá einnig upplýsingar sem tengjast skólasókn. Umsjónarkennarar bera ábyrgð á dagbók nemenda sinna.

2.3.5. Verklagsreglur um meðferð og úrlausn mála

ALVARLEGT BROTT Á SKÓLAREGLUM EÐA LÖGBROT NEMENDA

Með alvarlegum brotum á skólareglum er m.a.a átt við: Alvarlegt ofbeldi, þjófnað, innbort í skóla (þar með talið í tölvukerfi), skemmdarverk, veggjakrot, tóbaksnotkun, veip, áfengis- og fíkniefnaneyslu, sölu og dreifingu fíkniefna.

Þegar ofangreind mál koma upp metur skólastjóri hverja af neðangreindum leiðum hann velur að fara:

LAUSNARLEIÐ SKÓLA

1. Starfsmaður tilkynnir skólastjórnanda um málið.
2. Skólastjórnandi tilkynnir foreldrum um málið og metur, í samráði við foreldra, hvort nemandi verði sendur heim meðan málið er til frekari skoðunar.
3. Ef samvinna næst ekki við foreldra getur komið til tímabundinnar brottvikningar nemanda á meðan ákvörðun er tekin um framhald málsins. Ef um brottvikningu er að ræða skal gæta stjórnáslulaga nr. 93/1993, þ.m.t. andmælaréttar, meðalhófs, jafnræðisreglu og rannsóknar- og upplýsingaskyldu.
4. Ef um ofbeldi er að ræða hefur skólastjórnandi samband við foreldra þolanda. Ef ekki er um kærufélag að ræða leitar skólastjórnandi heimildar foreldra til lausnar málsins innan skólans. Fundað með geranda og foreldrum hans um framhald málsins. Ráðgjöf og þjónusta sótt til fræðsluviðs og/eða fjölskylduviðs Akureyrarbæjar. Tilkynning send til barnaverndar ef talin er þörf á.
5. Finnist ekki viðunandi lausn innan skólans er málinu vísað til fræðsluviðs. Hugsanlegt er að finna annað skólaúrræði.

2.3.6. Reglur um útivist:

Skólinn hvetur foreldra til að fara eftir landslögum hvað varðar útivistartíma barna og unglunga.

Í Barnaverndarlögum nr. 80/2002 segir:

92.gr.: „Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20:00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22:00. Bregða má út af þessum reglum þegar börn 13–16 ára eru á heimleið frá viðurkenndri skóla-, íþrótt- eða æskulýðssamkomu. Aldur miðast við fæðingarár ekki fæðingardag.“
Í 94.gr. segir: „Foreldrar eða forráðamenn barna skulu sjá til þess að börn hlíti ákvæðum þessa kafla um útivist.“

2.3.7 Myndbirtingar

Glerárskóli heldur úti heimasíðu og birtir þar ljósmyndir af ýmsum viðburðum og daglegu starfi. Einnig eru tekin myndbönd á uppákomum s.s. árshátíð og Glerárvisión. Foreldrar þurfa að gefa leyfi fyrir slíkum myndbirtingum af börnum sínum og undirrita til þess skjal við upphaf skólagöngu barnanna.

Starfsfólki er með öllu óheimilt að birta myndir af sér með nemendum eða birta myndir af nemendum á sínum eigin miðlunarsíðum s.s. facebook, á snapchat eða instagram.

3. Markmið náms í ljósi ákvæða aðalnámskrár

Allir nemendur eiga rétt á að stunda nám við sitt hæfi. Námið á að vera á forsendum hvers og eins nemanda og fara fram í hvetjandi námsumhverfi þar sem nemandinn finnur til öryggis og fær notið hæfileika sinna.

4. Útfærsla skólans á grunnþáttum í menntun og áhersluþáttum grunnskólalaga

4.1. Grunnþættir menntunar

Grunnþættir menntunar eru sex: læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þessir þættir eru hafðir að leiðarljósi við gerð námskrár. Þessir þættir snúast um læsi á samfélag, menningu, umhverfi og náttúru þannig að börn og ungmenni læri að byggja sig upp andlega og líkamlega, að bjarga sér í samfélaginu og að vinna með öðrum. Grunnþættirnir snúast einnig um framtíðarsýn og getu og vilja til að hafa áhrif og taka virkan þátt í að viðhalda samfélagi sínu, breyta því og þróa það. Grunnþættirnir eiga að fléttast inn í skólanámskrána og allt skólastarf.

4.2. Áhersluþættir grunnskólalaga

Í 24. gr. grunnskólalaga er ákvæði um áhersluþætti í námi og kennslu. Áhersluþættirnir eiga að vera leiðarljós í allri menntun í grunnskóla. Þessir þættir eru **sjálfsvitund** sem byggir m.a. á að nemendur öðlist heilbrigða og raunsæja sjálfsmynd, **siðgæðisvitund** eða siðvit sem felur í sér að nemendur efli siðferðisþroska sinn og geti sett sig í spor annarra, tileinkað sér hvað telst rétt og rangt, gott og slæmt í breytni fólks og geti tekið siðferðilega afstöðu til álitamála og virði rétt til skoðanafrelsis. **Félagsvitund, borgaravitund** byggja á hæfni til að skynja, skilja og bregðast við tilfinningum annarra og hvað í því felst að búa í samfélagi með öðrum. **Félagsfærni** miðar að því að geta átt jákvæð og árangursrík samskipti við aðra. **Líkamleg og andleg velferð hvers og eins** byggir á að nemendum sé leiðbeint við að temja sér heilbrigða lífshætti og ábyrga umgengni við líf og umhverfi. Hreyfing, hollusta og heilbrigðir lífshættir eru mikilvæg viðmið í skólastarfi. Mikilvægt er að nemendur öðlist **færni í að nýta íslensku í námi**, leik og starfi. Þá ber að efla **rökhugsun og gagnrýna hugsun** nemenda og skapandi hugsun og lausnaleit. Til að nemendur öðlist sem dýpstan skilning á þeim fyrirbærum sem þeir fást við í námi sínu ber að leggja áherslu á **frjótt, skapandi starf, verklega færni, nýsköpun og frumkvöðlanám**. Gæta ber þess að **jafnvægi sé milli bóklegs náms og verklegs** og að **leikur** sé sjálfsprottin leið til náms- og þroska. Nám á að gera nemanda kleift að takast á við **viðfangsefni daglegs lífs** og jafnframt að búa hann undir frekara nám og starf að skyldunámi loknu. Leggja þarf áherslu á að nám **búi bæði kynin jafnt undir virka þátttöku í samfélaginu**, bæði í einkalífi, fjölskyldulífi og atvinnulífi. Að lokum má benda á að námshæfni er undirstöðupáttur í öllu skólastarfi og byggist á sjálfskilningi nemandans og felur í sér að þekkja eigin styrkleika og veikleika og að vera fær um að taka ákvarðanir á þeim grunni. Námshæfni felst m.a. í hæfni til að **afla þekkingar og leikni eftir margvíslegum leiðum**. Markviss **náms- og starfsfræðsla** undirbýr nemendur undir frekara nám og starf að loknu skyldunámi.

4.3. Fræðslusvið Akureyrar

Fræðslusvið Akureyrar er með aðsetur í Glerárgötu 26, 1. hæð og er opin alla virka daga kl. 08:00-16:00. Síminn er 460-1455. Hlutverk fræðslusviðs er að vera leiðandi í stefnumörkun,

vinna að áætlanagerð í samráði við skólastjóra, hafa eftirlit með rekstri og faglegu starfi skólanna, stuðla að samstarfi skólastiga. Koma fram fyrir hönd skólanna þegar það á við, taka við athugasemdum varðandi starfsemi skólanna og vinna úr þeim, leysa úr ágreiningsmálum sem upp kunna að koma, halda utan um biðlista og innritun í leikskóla, safna saman upplýsingum um starfsemi skólanna og koma þeim á framfæri. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Akureyrarbæjar, www.akureyri.is

5. Tengsl skóla við nærsamfélagið

5.1. Hverngi nýta má nærsamfélagið til náms og þroska

5.1.1. Grenndarkennsla

Grenndarkennsla byggir á því að horft er á umhverfi mannsins sem eina heild. Viðfangsefnin eru náttúrulegar kringumstæður, menning samfélagsins, saga þess og atvinnulíf. Gjarnan skipt upp í þrjá þætti: söguvitund, grenndarvitund og umhverfisvitund. Sjálfsvitund einstaklinga byggir á því að þekkja til þessara þátta.

Miðlun þekkingar og mótun viðhorfa eru meðal mikilvægustu hlutverka skóla. Þekking og jákvætt viðhorf eru forsendur skilnings og samfélagslegrar ábyrgðar. Þekkingu og mótun viðhorfa er auðveldast að byggja á umfjöllun um næsta nágrenni – náttúrulegt sem manngert. Viðfangsefni sem eru til umfjöllunar hafa sterk áhrif á sjálfs- og samvitund nemenda.

Grenndarkennslan auðveldar skólum að rækta sérkenni sín jafnhliða því að bjóða ótal leiðir að settu marki. Hún greiðir götuna frá hinu nálæga til hins fjarlæga, frá hinu kunna til þess ókunna, frá hinu hlutstæða til þess óhlutstæða.

Allar greinar grunnskólans má kenna „með grenndarkennslugleraugum“ þó þær liggi kannski misvel við. Nemendur spyrja spurningar: „Hvert er nágrenni mitt?“ og skoða í því samhengi landafræði, lífandi náttúru, menningu, sögu o.s.frv.. Heimsóknir á söfn og vinnustaði eru hluti af kennslunni.

Í Glerárskóla hefur útikennsla verið hluti af grenndarkennslu. Markmið hennar hafa m.a. verið:

-Að stuðla að heilbrigðu lífverni og gera nemendum grein fyrir því að þeir geta haft áhrif á umhverfi sitt, verndað það, lært í því og af því.

-Að læra um mikilvægi heilbrigðs lífvernis.

-Að efla, þróa og þroska...m.a. –forvitnina, sköpunargleðina, hugmyndaflugið, áhugann á að rannsaka náttúruna, fín – og grófhreyfingar, virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum og ekki síst virðingu fyrir náttúrunni.

Til að ná þessum markmiðum hefur skólinn eftt útikennslu síðustu árin og eru fastir tímar til útikennslu í stundatöflu margra árganga. Nágrenni skólans, skólalóðin, klettur hennar, brekkur og móar eru nýtt til útikennslu. Glerárgil, Sílabás, Hundatjörn og Krossanesborgir eru staðir sem heimsóttir eru af nemendum til náms og leiks.

Glerárskóli hefur tekið Kvenfélagsgarðinn við Skarðshlíð í fóstur. Þar hafa nemendur unnið undanfarið ár við gróðursetningu, stígagerð og smíðað bekki og borð til afnota í garðinum. Þá hafa nemendur komið upp grillastöðu í garðinum sem og á skólalóð.

6. Námsmat skólans og vitnisburðarkerfi

6.1. Námsmat

Megintilgangur námsmats er að leiðbeina nemendum um námið og hvernig þeir geti náð markmiðum þess. Með námsmati er fylgst með því hvernig nemendum tekst að ná almennum hæfniviðmiðum aðalnámskrár, stuðlað að námshvatningu, nemendur örvaðir til framfara og metið hverjir þurfi á sérstakri aðstoð að halda. Þá á námsmat að veita nemendum, foreldrum, kennurum, viðtökuskólum og skólayfirvöldum upplýsingar um námsgengi sem m.a. má hafa að leiðarljósi við skipulagningu náms.

Námsmat á að vera áreiðanlegt, óhlutdrægt, heiðarlegt og sanngjarnt gagnvart nemendum. Meta þarf alla þætti námsins, þekkingu, leikni og hæfni með hliðsjón af hæfniviðmiðum aðalnámskrár. Meta þarf hæfni nemandans innan hvers námssviðs og á það við jafnt í bóklegu námi, verk- og listnámi.

Í aðalnámskrá grunnskóla eru sett fram matsviðmið við lok grunnskóla fyrir einstakar námsgreinar og námssvið. Einnig eru sett viðmið fyrir mat á lykilhæfni nemenda. Matsviðmiðin eru lýsing á hversu vel nemandi hefur skilgreinda hæfni á valdi sínu. Lýsingarnar eru tengdar matsviðmiði A, B og C og einungis skilgreindar fyrir 10. bekk. Matskvarðann ber að nota við brautskráningu nemenda úr grunnskóla. Matskvarðinn er skilgreindur sem sex matsviðmið: A, B+, B, C+, C og D. Lýsingar á matsviðmiðum sem standa á bak við A, B og C. Matsviðmið fyrir B eru byggð á hæfniviðmiðum sem skilgreind eru í aðalnámskrá fyrir 10. bekk og framsetning þeirra er með þeim hætti að gera má ráð fyrir að þorri nemenda nái þeirri hæfni. Matsviðmið A fá þeir sem sýna framúrskarandi hæfni og matsviðmið C fá þeir sem standast ekki þær kröfur sem gerðar eru í B viðmiðum. Matsviðmið D lýsir hæfni í námi sem nær ekki viðmiðum sem lýst er í C og er gert ráð fyrir að skóli geri þar grein fyrir hæfni nemanda út frá einstaklingsmiðaðri námskrá og áætlun. Bókstafirnir B+ og C+ lýsa hæfni nemenda sem náð hafa að hluta til viðmiðum sem lýst er í aðalnámskránni.


Nr. 838 9. september 2015 56 Aðalnámskrá grunnskóla – ALMENNUR HLUTI 2011 – Greinasvið 2013 Viðmið um mat á lykilhæfni í grunnskóla eru sett fram í fimm liðum sem eru sameiginlegir öllum námssviðum:

- Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.
- Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöku og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að beita þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.
- Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
- Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýninn hátt.
- Hæfni nemenda til að bera ábyrgð á eigin námi og leggja mat á eigin vinnubrögð og frammistöðu. Með því að skilgreina hæfniviðmið í lykilhæfni frá upphafi skólagöngu er dregið fram mikilvægi þess að grunnskólinn skapi vettvang til að efla með nemendum hæfni sem býr þá undir þátttöku í lýðræðissamfélagi. Lykilhæfni er sú hæfni sem snýr að nemandanum sjálfum og endurspeglast víða í hæfni og matsviðmiðum námssviða. Gert er því ráð fyrir að unnið sé með lykilhæfni sérstaklega og á öllum námssviðum og lagt mat á hana í öllum árgöngum. Þar sem vandasamt getur verið að meta suma þætti hennar, svo sem siðgæði og siðferðisleg viðhorf, jafnrétti, lýðræði, mannréttindi og borgaravitund getur hentað að tengja mat á lykilhæfni við námsmat einstakra námsgreina og námssviða. Hafa verður í huga að sum markmið eru þess eðlis að ekki kemur fram fyrir en síðar á lífsleiðinni hvort þeim var náð eða ekki.

Námsmat á að vera það fjölbreytt að sterkustu hliðar hvers nemanda fái að njóta sín. Matsviðmið skulu ávallt vera skýr. Námsmat má alltaf nálgast á Mentor og þar má einnig finna námsmat fyrri ára. Námsmatið tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem lögð eru til grundvallar og endurspeglar áherslur í kennslunni. Þeim er ætlað að gefa upplýsingar um framvindu á námi nemenda út frá hæfniviðmiðum aðalnámskrár sem birtast á hæfnikorti hvers nemanda.

Hæfnikort sýna hvaða hæfni nemandi á að búa yfir í hverri námsgrein og inniheldur öll þau viðmið sem á að meta fyrir hverja námsgrein.

Í 1.-4. bekk eru hæfniviðmiðin á fjögurra stiga skala sýnd með táknum í formi :

Framúrskarandi  – Hæfni náð  – Á góðri leið  – Hæfni ekki náð .

Í 5.-9. bekk geta kennarar stuðst við sjónrænt mat út frá hæfnikorti og lokamatið í formi A, B+, B, C+, C og D í samræmi við matsviðmið aðalnámskrár grunnskóla.

Námsmat er rætt í foreldraviðtölum ásamt því að vera aðgengilegt foreldrum/ forráðamönnum á Mentor.

Verði nemandi uppvís að prófsvindli er honum vikið úr prófi og fær það ekki metið. Það sama gildir um ritgerðir ef þær eru teknar af veraldarvef eða fengnar annarsstaðar frá.

Vitnisburðarblöð að vori eru aðeins prentuð út fyrir nemendur í unglingadeild. Nálgast má allt námsmat á Mentor.is.

Eftirfarandi skimanir og greiningar eru m.a. notaðar til að meta námslega stöðu nemenda:

- Læsi (1. bekkjar - september)
- Lesfimi (1.-10. bekkur, september, janúar og maí)
- Orðmynda- og hljóðlestrarskimun (3. bekkur - maí, 7. bekkur - september og 9. bekkur - janúar)
- Stafa/hljóðakönnun (yngsta stig - september og eftir þörfum)
- Orðarún (3.- 10. bekkur - október og mars)
- LOGOS (eftir þörfum)
- Stærðfræðiskimun (1.-3. bekkur, maí)
- Talnalykill (eftir þörfum)
- Stöðumat fyrir tvítýngda (1.-10. bekkur)
- Skólafærniathugun (eftir þörfum)

Könnunarpróf – Samræmt námsmat

Í reglugerð um fyrirkomulag og framkvæmd samræmdra könnunarprófa í grunnskóla (nr. 173. 2017) segir m.a:

1. gr.: „Reglugerð þessi tekur til samræmdra könnunarprófa í íslensku og stærðfræði að hausti í 4. og 7. bekk og samræmdra könnunarprófa í íslensku, stærðfræði og ensku að vori í 9. bekk.

Allir nemendur í 4. og 7. bekk og nemendur í 9. bekk skv. nánari ákvörðun ráðherra skulu gangast undir próf samkvæmt 1. mgr. þessarar greinar og nánari fyrirmælum þessarar reglugerðar“.

2. gr. : „Með samræmdum könnunarprófum er átt við próf sem metur hæfni með sama hætti og við sambærilegar aðstæður í námsgreinum, sbr. 1. gr.

Með einstaklingsmiðuðum samræmdum könnunarprófum er átt við próf sem laga sig að getu nemandans miðað við frammistöðu hans á prófinu.

Prófatriði eru allar spurningar eða verkefni sem reyna á tiltekna hæfni. Prófúrlausn samanstendur af svörum nemanda við prófatriðum.

Með rafrænu prófakerfi er átt við kerfi sem heldur utan um prófatriði og upplýsingar um þau, prófabanka, próffyrirlagnir og prófúrlausnir“

Skólastjórum er ætlað að tilkynna til Menntamálastofnunar um þá nemendur sem fá undanþágu og tilgreina ástæður þess. Ákveðnar reglur gilda fyrir undanþágur.

Vakin er athygli á því að um könnunarpróf er að ræða í 9. bekk eins og 4. og 7. bekkjum.

Upplýsingar um samræmdu könnunarprófin má finna á heimasíðu Menntamálastofnunar - www.mms.is. Heildarniðurstöður samræmdra könnunarprófa eru birtar á heimasíðu skólans þegar þær liggja fyrir. Fundað er með kennurum og farið yfir niðurstöður. Jafnframt senda kennarar heim upplýsingar/hugleiðingar um bekkinn, hvað þurfi að vinna með samkvæmt þessum niðurstöðum og einnig hvað hefur gengið vel.

7. Gæðaráð - Innra mat á árangri og gæðum

Við skólann er starfandi Gæðaráð um innra mat. Í gæðaráði eru:

Eyrún Halla Skúladóttir, skólastjóri

Helga Halldórsdóttir, deildarstjóri

Tómas Lárus Vilbergsson, deildarstjóri

Hólmfríður Guðnadóttir kennari

Lára Gunnarsdóttir stuðningsfulltrúi/skólaliði

Sveinn Leó Bogason stigstjóri unglingsstígs/kennari

7.1 Matsáætlun skólaársins

Mat á skólastarfi er liður í lögbundnu eftirliti skóla sem hefur þann tilgang að tryggja réttindi nemenda og stuðla að skólaumbótum. Skólarnir bera sjálfir ábyrgð á innra mati sínu en aðalnámskrá myndar grunn viðmiða sem mat á skólastarfi hvílir á. Mikilvægt er að innra mat á skólum nái til allra lögbundinna markmiða skólastarfsins, þ.m.t. hlutverk skóla að styrkja nemendur til þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi, efla frumkvæði og sjálfstæða hugsun nemenda, samskiptahæfni og fleiri atriði sem m.a. tengjast grunnþáttum menntunar. Við höfum valið stefnumiðað árangursmat til að fara eftir til að koma stefnu Glerárskóla í framkvæmd. Matstæki skólans eru fjölbreytt og taka til þeirra þátta sem krafist er þegar meta á skólastarf.

Gæðagreinar er **matstæki** sem notað er til að meta innra starf skólans. S.s. kennsluhætti, félagsmál eða hvað eina sem við viljum meta.

Tengslakannanir meta félagsleg tengsl á milli nemenda með það að markmiði að efla tengsl og aðstoða nemendur ef þurfa þykir við að mynda félagsleg tengsl við aðra. Eru lagðar fyrir tvisvar yfir skólaárið og oftár í einstaka bekkjum ef þurfa þykir.

Nemendakannanir Skólapúlsins meta margvíslega þætti í skólastarfinu sem snúa að nemendum. Á hverju ári er tekið úrtak úr nemendahópi skólans sem svarar þeim spurningum sem fyrir eru lagðar. Þar sem skólinn hefur tekið þátt í Skólapúlsinum undanfarin ár er nú hægt að gera marktæka úttekt og samanburð á þeim þáttum sem spurt er um í könnuninni.

Umhverfisgátlisti metur þætti er varða starfshætti samkvæmt reglum Grænfánaverkefnisins. Allir starfsmenn taka þátt í litlum hópum þar sem samræða um málefni fara fram. Fulltrúar nemenda í umhverfisnefnd taka líka þátt í matinu.

Foreldrakannanir Skólapúlsins meta viðhorf foreldra til skólastarfsins. Skólapúlsinn er notaður til að afla upplýsinga frá foreldrum. Foreldrakönnunin er lögð fyrir annað hvert ár.

Starfsmannasamtöl meta líðan, samskipti, stjórnun, styrkleika og væntingar um starfsþróun.

Starfsmannakönnun Skólapúlsins metur líðan, styrkleika og væntingar um starfsþróun. Greinir styrkleika og áskoranir í innra umhverfi skólans með því að leita eftir viðhorfum starfsmanna til stjórnunar, ferla, líðan, samskipta, samvinnu, væntinga, stefnu og fleira. Niðurstöður gera skólanum kleift að vinna að umbótum í innra umhverfi skólans. Starfsmannakönnunin er lögð fyrir annað hvert ár.

Eineltiskönnun Olweusar metur hvort einelti á sér stað meðal nemenda í skólanum og hvernig það birtist. Er lögð fyrir árlega.

Fundir og starfsdagar eru tæki til endurmats og framþróunar. Á fundum og á skipulagsdögum fer fram endurmat og umræður um daglega starfshætti og stjórnun. Á fagfundum er framgangur starfsáætlunar metinn með því að fara yfir hvað hefur tekist að framkvæma af verkefnaáætlun og farið yfir stöðu þróunar og nýbreytni verkefna. Á stjórnendafundum er farið yfir starfshætti skólans, verkefni, starfsáætlun, skóladagatal, starfsmannahald og málefni líðandi stundar leyst eða sett í ferli. Á stigsfundum er farið yfir sameiginlegt skipulag og starfshætti hvers stigs. Stýrihópar og nefndir funda reglulega og stýra framgangi ákveðinna verkefna í skólastarfinu samkvæmt starfsáætlun, meta þá vinnu reglulega og skila skýrslu að vori. Fundagerðir eru gerðar á öllum fundum. Með umræðunni skapast skólastarf í framþróun.

Ábyrgð á innra mati skólans er í höndum stýrihóps um innra mat og stjórnenda.

8. Áætlanir um umbætur og þróunarstarf

Um nokkurra missera skeið hefur skólinn notað skoska sjálfsmatskerfið How Good is Our School eða Gæðagreina í íslenskri þýðingu.

Gæðagreina höfum við notað til að meta innra starf skólans og út frá þeim niðurstöðum hefur verið unnin umbótaáætlun. Helstu umbætur og þróunarstarf sem stefnt er að á skólaárinu:

Samvinna og ábyrgð: Áfram verður unnið með teymi kennara í þeim tilgangi að efla samvinnu og jafningjastuðning enn frekar.

Jákvæður agi: Áfram verður unnið að agastefnunni Jákvæðum aga í umsjón stýrihóps. Allir starfsmenn eiga að nýta sér aðferðir og tæki agastefunnar.

Grenndarfræðsla og umhverfismál: Stýrihópur setur upp skipulag um grenndarfræðslu og

ákveðin viðfangsefni tengd árgöngum. Umhverfisnefnd skólans hefur umsjón með þeim þáttum sem lúta að Grænánaverkefninu og mun áherslan veturinn 2020-2021 tengjast lýðheilsumálum.

Læsi: Nemendur í 1. - 10. bekk taka lesfimiþróf frá Menntamálastofnun. 4. og 7. bekkur þreyta samræmd þróf að hausti og 9. bekkur að vori. Farið verður vandlega yfir niðurstöður þrófa og þegar nemendur ná ekki ákveðnum viðmiðum verður leitast við að finna leiðir með umbótaáætlunum til að efla færni þeirra.

Samræðu stærðfræði er þróunarverkefni sem unnið er með nemendum á yngsta- og miðstigi í samvinnu við MSHA. Þá munu kennarar á yngsta stigi taka þátt í þróunarverkefninu Zankow – stærðfræði fyrir yngsta stig og verður byrjað með 1. bekk.

Tölvur, forritun og öpp er þróunarvinna sem kennarar munu halda áfram að vinna í vetur og mun tækniteymi skólans stýra því. Aðal áherslan verður lögð á að kennarar kynnist Google umhverfinu betur og auki við þekkingu sína á notkun þess.

Erasmus+: Skólinn leiðir evrópskt Erasmus+ verkefni „Developing Pupils Skills“. Verkefnið hófst haustið 2018 og átti því að ljúka í ágúst 2020 en vegna aðstæðna (Covid19) fékkst framlenging á verkefnið til febrúar 2021. Þar erum við í samstarfi við skóla í Tyrklandi, Slóveníu, Litháen og á Spáni. Verkefnið snýst um að efla læsi nemenda m.a. með því að kynna þeim þjóðsögur og flökkusögur frá þeim löndum sem við vinnum með auk annarra skemmtilegra verkefna sem unnin verða.

Haustið 2019 hófum við þátttöku í öðru Erasmus+ verkefni „We All Equal One“. Það verkefni snýr að jafnrétti og jafnréttisfræðslu. Verkefnið verður unnið með öllum nemendum skólans en áhersla þó á nemendur í 1, 4. og 9. bekk. Samstarfslönd eru England, Spánn, Pólland og Tyrkland. Verkefninu lýkur vorið 2021. Vegna Covid 19 hefur því verkefni verið frestað um eitt ár en við munum í vetur vinna okkar hluta verkefnisins í skólanum.

Þriðja Erasmus+ verkefnið okkar hefur verið samþykkt. Það verkefni tengist umhverfismálum og heitir „Be a Shield Around the World! – Development of competences for environmental protection to fight against climate changes. Í þessu verkefni fara nemendur með í vinnuferðir til samstarfslanda okkar sem eru: Austurríki sem leiðir verkefnið, Danmörk, Ítalía, Rúmenía og Grikkland. Verkefnið fer af stað þegar grænt ljós.

9. Samstarf heimila og skóla

JÁKVÆÐIR FORELDRAR, JÁKVÆÐ BÖRN

Við leggjum áherslu á að foreldrar tali jákvætt um skólann og starfsfólkið sem þar vinnur. Ef foreldrum mislíkar eitthvað, vantar upplýsingar eða eru óánægð þá eru þau hvött til að tala við okkur í skólanum. Börn líta upp til foreldra sinna og tileinka sér viðhorf þeirra til mála án þess að skilja alltaf hvað um er að vera. Neikvæð umræða um skólann heima gerir barninu erfitt fyrir að umgangast starfsfólkið.

9.1. Upplýsingamiðlun

Fréttabréf Glerárskóla er sent til foreldra og birt á heimsíðu skólans. Fréttabréfið kemur út mánaðarlega, í því má finna upplýsingar um skólastarfið og það sem framundan er. Umsjónakennarar yngri bekkja senda vikulega póst til foreldra um bekkjarstarfið og heimanám. Þá er tölvupóstur sendur heim um ýmsar upp á komur í skólanum og eru foreldrar hvattir til að kíkja á póstinn sinn reglulega.

9.1.1. Foreldrasamstarf

Athygli foreldra er vakin á því að kennarar skólans eru ætíð til viðtals á dagvinnutíma. Foreldrar eru hvattir til að notfæra sér þann möguleika til að spyrja um gengi barna sinna í skólanum, fá fréttir af skólastarfinu o.s.frv.. Ef foreldrar vilja ná í kennara á kennslutíma er hægt að hringja í ritara og skilja eftir skilaboð og óska eftir að kennari hringi til baka þegar hann hefur tök á. Þá má alltaf senda tölvupósta.

Námskynningar eru fyrir foreldra að hausti, þar er farið yfir skólaárið og annað sem lýtur að skólastarfinu. Þrír foreldra/viðtalsdagar eru á skólaárinu.

Viðtöl með fjarfundi eru einnig í boði.

9.2. Samstarf við leik- og framhaldsskóla og tónlistarskóla

9.2.1. Leikskólinn

Glerárskóli er í samstarfi við leikskólana Hulduheima – kot og Tröllaborgir. Samstarfið felst einkum í heimsóknum leikskólabarna í Glerárskóla og einnig heimsóknum 1. bekkinga í leikskólana. Heimsóknir þessar eru meðal annars þáttur í að brúa bilið milli leikskóla og grunnskóla. Einnig hafa kennarar skólastiganna tveggja komið saman og miðlað upplýsingum um störf sín. Nánara skipulag fyrir skólaárið er að finna á heimasíðu skólans.

Deildarstjóri heldur utan um að samstarf leikskólakennara og kennara 1. bekkjar hefjist á haustin og miðað er við að halda fund í Glerárskóla í september þar sem skipulag samstarfsins er ákveðið fyrir skólana.

Vinnureglur:

1. Innritun barna skv. auglýsingu skólafulltrúa að vori.
2. Nemendur sem ekki eru í samstarfsleikskólum Glerárskóla en innritast í skólann fá bréf sent heim að vori og þeim boðið að koma í heimsókn í skólann.
3. Kynningarfundur með foreldrum og skólastjórnendum er boðaður að vori þar sem foreldrum eru veittar ýmsar upplýsingar um skólastarfið og þeim sýndur skólinn.

9.2.2. Framhaldsskólinn

Samstarf við framhaldsskólana er sífellt að aukast. Nemendur í 9. og 10. bekk hafa farið í heimsóknir í framhaldsskólana á Akureyri. Þá hafa nemendur í 10. bekk farið í heimsóknir í Menntaskólann á Tröllaskaga og Fjölbautarskólann á Laugum í Reykjadal.

Námsráðgjafar framhaldsskólanna hafa einnig komið í heimsókn í skólann.

Reglur um inntöku nemenda í framhaldsskóla

Í reglugerð nr. 1150/2008 er fjallað um innritun nemenda í framhaldsskóla. Þar segir í 2.gr.:

Innritun, réttur til náms.

Þeir sem lokið hafa grunnskólanámi, hafa hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða hafa náð 16 ára aldri, eiga rétt á að hefja nám í framhaldsskóla og að stunda nám í framhaldsskóla til 18 ára aldurs enda haldi þeir almennar skólareglur, sbr. 32. og 33. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

Framhaldsskóla er heimilt að gera sérstakar kröfur um undirbúning og námsárangur vegna innritunar á einstakar námsbrautir framhaldsskóla enda miði þær að því að bjóða nemendum upp á nám sem hæfir undirbúningi þeirra, sbr. 2. gr. laga nr. 92/2008 um framhaldsskóla.

3. gr.

Kröfur um undirbúning.

Nemendur, sem lokið hafa skyldunámi í samræmi við ákvæði aðalnámskrár grunnskóla, geta innritast á námsbrautir framhaldsskóla. Kröfur um undirbúning og önnur skilyrði innritunar skulu miðast við skólaeinkunnir við lok grunnskóla og aðra þætti sem miða að því að nemendur hafi nægan undirbúning til að takast á við nám á viðkomandi námsbraut. Kröfur um sérstakan undirbúning vegna náms á tilgreindum námsbrautum, svo sem á verknáms- og listnámsbrautum, skulu byggjast á málefnalegum sjónarmiðum og taka m.a. mið af:

- a) frammistöðu nemenda í námsgreinum í grunnskóla,
- b) því hvort nemandi hafi lagt stund á samsvarandi nám í grunnskóla eða sérskóla með fullnægjandi árangri eða geti með öðrum hætti fært rök fyrir því að námið henti honum,
- c) öðrum þáttum, s.s. raunfærnimati, sem varpað geta ljósi á getu nemenda til þess að fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru til náms á viðkomandi námsbraut,
- d) sérkennum skóla sem fram koma í áherslum og stefnumörkun hans og nánar er lýst í skólanámskrá.

Skólameistari getur heimilað nemendum, sem ekki uppfylla skilyrði til innritunar að fullu, að hefja nám á viðkomandi námsbraut ef telja má líklegt að þeir standist þær kröfur sem gerðar eru um námsárangur.

Nánari upplýsingar um innritun í framhaldsskóla má finna á heimasíðu Menntamálastofnunar <https://mms.is/um-innritun>

9.2.3. Tónlistarskólinn -tónlistarnám

Á heimasíðu Tónlistarskólans má finna lög (undirspil) og texta sem umsjónarkennarar hafa notað þegar þeir hafa söngstund með nemendum sínum.

Forskóli tónlistarskólans er einu sinni í viku í skólanum. Hann er ætlaður börnum á yngsta stigi sem hafa áhuga á tónlist. Foreldrar þurfa að sækja um forskólann fyrir börn sín. Kennslan fer fram að loknum skóladegi í kennslustofu í skólanum.

Þá hefur Tónlistarskólinn auk annara aðila sem kenna tónlist aðgang að kennslurými á skólatíma. Nemendur eru teknir úr kennslustundum og fara í tónlistarnám á skólatíma. Þetta er gert með samþykki foreldra.

10. Ýmsar áætlanir

10.1 Móttaka nemenda

Móttaka nýrra nemenda er á ábyrgð skólans að hluta og Fjölskyldusviðs Akureyrarbæjar og skólans varðandi nemendur með sérúrræði. Móttaka nemenda sem eru að byrja í 1. bekk er eftirfarandi:

Í maí fá foreldrar og börn bréf frá skólanum þar sem boðað er til fundar í skólanum. Börnin hitta þá umsjónarkennara sinn og foreldrarnir hitta skólastjórnendur og fá ýmsar upplýsingar um skólann. Eftir miðjan ágúst berast börnum og foreldrum bréf þar sem boðað er til viðtals í skólanum. Hjúkrunarfræðingur skólans býður foreldrum til viðtals í sömu heimsókn. Leitast

er við að gera skólabyrjunina sem þægilegasta fyrir börnin og hvetjum við foreldra til þess að fylgja þeim vel eftir. Sum börn þurfa sinn aðlögunartíma og hann er þeim mikilvægur. Seinni partinn í september er fundur með foreldrum þar sem rætt er almennt um skólafarið.

Nemandi í 2. – 10. bekk sem kemur nýr að hausti

1. Umsjónarkennari kynnir sér hvort nýr nemandi sé að koma í bekkinn.
2. Umsjónarkennari notar skipulagsdaga til að hafa samband við heimili nýrra nemenda og bjóða þeim ásamt foreldrum í heimsókn í skólann áður en kennsla hefst.

Verklag við þá heimsókn

- a) Umsjónarkennari sér til þess að nem./for. hitti skólastjóra/stjórnendur.
 - b) Umsjónarkennari gengur um skólann með nem. og sýnir húsnæðið.
 - c) Umsjónarkennari ræðir við nem./for. um reglur, námsefni, heimavinnu og annað sem upp kemur. Segir frá bekknum sem nemandi er skráður í. (Ath. ef nemandi er í 2.–4. bekk kanna þá hvort frístundarpláss sé óskað og kalla þá til yfirmann frístundar.)
 - d) Umsjónarkennari bjóði foreldri að koma með nem. í skólann og vera í tímum ef nem. vill það heldur.
 - e) Fylgja þarf því eftir að gögn berist skólanum frá fyrri skóla.
3. Þegar nýr nem. mætir í bekkinn sér kennarinn um að bjóða hann velkominn og kynna hann og hvaðan hann kemur.
 4. Kennarinn hvetur aðra nem. til að aðstoða nýja nemendur og finnur þeim stuðningsaðila.
 5. Kennari hringir heim eftir stuttan tíma í skóla og lætur foreldra vita hvernig gengur að aðlagast nýju umhverfi.

Þegar nýr nemandi kemur eftir að skóli er byrjaður

1. Þegar umsjónarkennari fær að vita að nýr nem. er væntanlegur í bekkinn hringir hann í foreldrana og býður þeim og nemandanum í heimsókn í skólann. (Eftir skólatíma, í eyðu eða þegar heppilegt er.)
2. Heimsókn gengur fyrir sig eins og a-d liður haustheimsókna.
3. Kennari/for. koma sér saman um hvernig nem. kemur inn í bekkinn. Nem. verður að koma fyrst í tíma hjá umsjónarkennara sem getur þá tekið á móti honum og kynnt hann fyrir bekknum.
4. Ef nemanda finnast umskiptin erfið getur fyrsti skóladaðurinn verið heimsókn í fylgd foreldra u.þ.b. tvær kennslustundir.
5. Kennari hvetur aðra nem. til að aðstoða þann nýja eða fær til þess sérstaka velunnara-/stuðningsaðila.
6. Kennari hefur samband við heimili eftir stuttan tíma í skóla og lætur vita hvernig gangi að aðlagast nýjum aðstæðum.

10.2. Forvarnir – áfengis og fíknivarnir

Stöðugt er unnið að forvörnum af ýmsu tagi meðal allra nemenda skólans. Nemendur og kennarar fjalla um hinar ýmsu hættur og viðbrögð við þeim og þá gjarnan innan þeirra námsgreina sem best eru til þess fallnar, s.s. lífsleikni, samfélagsfræði, náttúrufræði o.fl. Í öllum samskiptum sínum við nemendur reyna starfsmenn skólans að fylgjast með þeim, grípa inn í ef þurfa þykir og jafnframt að stuðla að jákvæðum þroska nemenda. Reynt er að byggja upp sjálfstraust, sjálfsögun, ábyrgð og dómgreind, þannig að auðveldara sé fyrir nemendur að segja nei við neikvæðum þrýstingi sem þeir verða stöðugt fyrir.

Forvarnarfulltrúar á vegum Samfélagssvið Akureyrarbæjar í Rósenborg hafa komið í skólann og verið með fræðslu fyrir nemendur í nánast öllum árgöngum nema 1. bekk. Skólaárið 2020-2021 verður gerð tilraun þar sem forvarnarfulltrúarnir munu vera með fasta tíma í hringekju hjá nemendum í 7. og 8. bekk.

Samkvæmt skólareglum og landslögum eru reykingar/veip og neysla áfengis eða annarra vímuefna bönnuð á lóð og í húsnæði skólans. Sama gildir um ferðalög nemenda á vegum skólans. Ef nemendur verða uppvísir að slíku verður haft samband við foreldra og unnið úr vandanum í samráði við þá. Einnig eru slík mál tekin fyrir í nemendaverndarráði sem vísað getur málinu áfram.

Framkvæmdaáætlun - forvarnir

Í Glerárskóla vinnum við með áætlun sem fellur að lífsleikni og forvörnum. Við fylgjum eftirfarandi skipulagi til að koma á og viðhalda góðum bekkjarbrag:

- Námsefni í félags- og tilfinningaþroska - veggspjöld - foreldrabréf - taka mál fyrir á foreldrafundum.
- Notum verkfæri Jákvæðs aga
- Fræðsla og upprifjun á haustin.
- Bekkjafundir haldnir reglulega, þar á að taka fyrir mál sem upp koma í bekknum - æfð samskipti – hlutverkaleikir - tilfinningar ræddar - farið reglulega í eineltishringinn - rætt um umgengni o.fl..
- Bekkjarsamvera - í samstarfi bekkjarkennara og foreldra - bekkurinn með uppákomur s.s. kynningu á verkefnum sem unnið hefur verið að.
- Lífsleikniáætlun fylgt en hana má finna í námsvísunum
- Tengslakannanir lagðar fyrir í okt./febr.
- Bekkjarsáttmálar/bekkjareglur - fjallað um þær í daglegri umgengni við nemendur.
- Skráð í dagbók þegar eitthvað kemur upp á.
- Eineltismyndbönd af ýmsu tagi, myndbrot af You Tube.

Við bendum fólki á að lesa sérstaklega um námsgreinina lífsleikni inni í námsvísunum bekkja þar sem tekin eru fyrir þau atriði sem við leggjum áherslu á í forvörnum.

Samkvæmt grunnskólalögum á skólinn að leitast við að haga störfum sínum í sem fyllstu samræmi við eðli og þarfir nemenda og stuðla að alhliða þroska, heilbrigði og menntun hvers og eins.

Þegar upp koma mál sem geta haft áhrif á líðan barns í skóla og gengi í námi, er mikilvægt að brugðist sé við eins skjótt og kostur er. Umsjónarkennarinn er alltaf sá aðili sem fyrst á að snúa sér til. Hann kemur málinu svo áfram eða leiðbeinir um framhaldið. Taflan hér að neðan gefur hugmynd um þá aðila sem tengst geta lausn hinna ýmsu mál:

	Hvert á að leita	Aðrir sem komið geta að málinu.
Einelti	Umsjónarkennari	Námsráðgjafi Nemendaverndarráð Eineltisteymi Skólastjórnendur Fræðslusvið

Grunur um fíkniefnanotkun	Umsjónarkennari	Námsráðgjafi Nemendaverndarráð Skólastjórnendur Barnavernd Lögregla Fræðslusvið
Hegðunarörðuleikar	Umsjónarkennari	Námsráðgjafi Hjúkrunarfræðingur Fræðslusvið Stoðþjónusta Skólastjórnendur
Lestrarörðuleikar	Umsjónarkennari	Stoðþjónusta Deildarstjórar Fræðslusvið
Námsörðuleikar	Umsjónarkennari	Stoðþjónusta Námsráðgjafi Nemendaverndarráð Fræðslusvið Skólastjórnendur
Ofbeldi	Umsjónarkennari	Nemendaverndarráð Námsráðgjafi Áfallaráð Skólastjórnendur Barnavernd Lögregla Fræðslusvið
Samskiptaörðugleikar	Umsjónarkennari	Námsráðgjafi Nemendaverndarráð Fræðslusvið Skólastjórnendur
Sorg, ástvinamissir, skilnaður, alvarleg veikindi nemenda eða aðstandenda	Umsjónarkennari	Áfallaráð Hjúkrunarfræðingur Námsráðgjafi Prestur Fræðslusvið Skólastjórnendur
Val á framhaldsnámi	Umsjónarkennari	Námsráðgjafi Deildarstjórar

10.3. Aðgerðir gegn einelti og öðru ofbeldi

Vinnuferli þegar upp kemur grunur um agabrot og/eða einelti

Nemandi/foreldri tilkynnir stafsmanni skólans grun sinn eða sannfæringu þá gerist eftirfarandi:

- ✓ Starfsmaður skóla skráir tilkynningu og kemur til umsjónarkennara/skólastjórnenda
- ✓ Umsjónarkennari notar gátlista við úrvinnslu vegna tilkynningar og;

- Ræðir við þolanda
- Ræðir við meinta gerendur eða geranda
- Sett er af stað samskipta/eineltisvöktun-þar sem fylgst er sérstaklega með þeim sem að málinu koma
- Könnunarferli sett í gang sem byggir á eftirfarandi:
 - Tengslakönnun lögð fyrir ef ekki er til nýleg
 - Leitað upplýsinga hjá starfsfólki
 - Leitað upplýsinga hjá nemendum
 - Rætt við foreldra þolanda
 - Rætt við foreldra meints geranda
- ✓ Umsjónarkennari/deildarstjóri upplýsir starfsmenn skólans um málið og öðrum þeim sem koma að viðkomandi nemenda
- ✓ Starfsmenn fylgjast með framvindu og láta vita ef eitthvað óæskilegt er í gangi

Stýrihópur um einelti stjórnar vinnu með einelti og fylgist með eða kemur að úrvinnslu. Stýrihópurinn skipa námsráðgjafi Rakel Björk Káradóttir, Inigibjörg Björnsdóttir kennari og Helga Halldórsdóttir deildarstjóri sem jafnframt er tengiliður vegna Olweusarkannanna.

Nánar um úrvinnslu mála ef niðurstaða könnunar er einelti, áreiti eða eitthvert annað brot

- Einstaklingsviðtöl við þolendur þar sem þeir fá stuðning og eru hvattir til að láta vita ef atferlinu lýkur ekki
- Einstaklingsviðtöl við gerendur þar sem skilyrðislaust er farið fram á að áreiti/agabrot/einelti ljúki
- Ráðstafanir skipulagðar með foreldrum – þolanda og gerenda. Lausn fundin.
- Bekkjafundir
- Eftirfylgni þar sem rætt er reglulega við aðila sem tengjast viðkomandi máli, á fundi, með símtali eða tölvupósti
- Metið er hvort alvarleiki máls er það mikill að því skuli vísað til nemendaverndarráðs

10.4. Öryggi og slysavarnir

Rýmingaræfingar eru haldnar reglulega í skólanum skv. rýmingaráætlun. Í hverri kennslustofu eru leiðbeiningar og útgönguleið/rýmingarleiðir merktar.

Hugað er að slysavörnum og leiktæki á skólalóð yfirfarin árlega. Sum leiktæki henta ekki yngstu nemendum og eru þau merkt sérstaklega. Slasist nemandi/starfsmaður í eða við skólann er slysið skráð og sér ritari um að senda skýrslu til tryggingafélags (vinnueftirlits og Tryggingarstofnunar). Skólinn greiðir fyrstu heimsókn nemanda á slysadeild.

10.5. Jafnrétti og mannréttindi

Skilgreining á jafnrétti byggð á könnun meðal starfsfólks í Glerárskóla:

Jafn réttur og sömu tækifæri einstaklinga til starfa, launa og einkalífs. Að þessu skal stefnt óháð kynferði, kynhneigð, trú, uppruna, litarhætti eða fötlun. Jafnrétti snýst því um mannréttindi og þann sjálfsagða rétt að ekki eru allir eins.

Ábyrgð og stjórnun jafnréttismála:

Meginábyrgð skal vera hjá yfirstjórn skólans: *Skólastjóri og deildarstjórar*. Yfirstjórn getur þó falið öðrum ábyrgðina s.s. stigsstjórum. Einnig getur yfirstjórn falið einstökum starfsmönnum umsjón og eftirfylgni. Jafnréttisráð starfar við Glerárskóla. Jafnréttisáætlun er líklegri til að bera árangur ef henni er fylgt eftir af sérfræðingum í jafnréttismálum. Í því sambandi má benda á Jafnréttisstofu, sem staðsett er á Akureyri, sem leita má ráða hjá ef brotið er gegn áætluninni eða jafnréttislögum.

Jafnréttisáætlun Glerárskóla má finna á heimasíðu skólans.

10.6. Viðbrögð við áföllum

10.6.1. Áfallaráð

Í áfallaráði skólans skulu að öðru jöfnu sitja: Skólastjóri, hjúkrunarfræðingur, námsráðgjafi og tveir starfsmenn skólans sem á einhvern hátt hafa reynslu eða þekkingu sem nýst gæti þeim sem verður fyrir áfalli. (sjá heimasíðu) Áfallaráð skipa:

- ✓ Brynhildur Smáradóttir hjúkrunarfræðingur
- ✓ Ragnar Logi Búason kennari
- ✓ Rakel Björk Káradóttir námsráðgjafi
- ✓ Brynja Sigurðardóttir ritari
- ✓ Eyrún Skúladóttir skólastjóri

Skilgreining:

Áfallaráð Glerárskóla kemur að áföllum er varða nemendur, starfsmenn, forráðamenn og nána ættingja þeirra. Áföllin geta m.a. stafað af:

- Dauðsfalli
- Alvarlegum og/eða langvarandi veikindum
- Slysum og/eða stórslysum
- Náttúruhamförum
- Andlegum og líkamlegum árásum og ofbeldi
- Öðrum hamförum s.s. vegna fjármála o.fl.

Tilkynningar um áfall skulu berast skólastjóra, hjúkrunarfræðingi eða staðgenglum þeirra. Þegar tilkynna þarf nemendum eða starfsfólki um áfall er sá sem það gerir aldrei einn. Áfallaráð skipar stuðningsteymi til að vinna með viðkomandi ef þurfa þykir. Ef leita þarf stuðnings til aðila utan skólans sér áfallaráð um það. Áfallaráð gætir ávallt fyllsta trúnaðar gagnvart skjólstæðingum sínum. Í Handbók starfsmanna Glerárskóla er um nánari útfærslu að ræða og vísast í hana fyrir starfsmenn skólans.

Áfallaráð fundar reglulega a.m.k. einu sinni í mánuði. Auk þess eru boðaðir fundir ef þurfa þykir.

10.6.2. Nemendaverndarráð

Í skólanum er starfandi nemendaverndarráð. Það fjallar um málefni einstakra nemenda eða nemendahópa og leitar úrræða á vandamálum er upp koma bæði námslegum og félagslegum. Fundi nemendaverndarráðs sitja skólastjóri, deildarstjórar, hjúkrunarfræðingur, félagsráðgjafi, iðjuþjálfari og sérkennarar. Jafnframt sitja fundina til skiptis sérkennsluráðgjafi og/eða sálfræðingur frá skólateymi og fulltrúi frá barnaverndarteymi Fjölskyldusviðs Akureyrar. Umsjónarkennarar eru boðaðir á þessa fundi eftir því sem ástæða þykir til. Verkefnastjóri sérkennslu stýrir fundum.

10.7. Agamál

Í skólanum er unnið skv. agastefnunni um Jákvæðan aga (sjá, framar).

11. Önnur mál

11.1. Frístund fyrir nemendur í 1. – 4. bekk

Aðalrými frístundar er í þremur rýmum á A-gangi. Einnig hefur frístund aðgang að öðrum stofum í skólanum og íþróttahúsi fyrir hópastarf.

Opnartími frístundar á skóladögum er frá kl. 13:15 til 16:15 og á skipulagsdögum ásamt jóla og páskafríum frá 08:00 til 16:15.

Sótt er um í frístund með því að undirrita dvalarsamning fyrir nemandann.

Mánaðarlega er hægt að breyta viðverutíma barnsins þ.e. að auka hann eða minnka. Skráningin er rafræn þ.e. gerð á sama hátt og skráð er í mat á Matartorg.is. Lokadagur skráningar í frístund og í mat er um 20. hvers mánaðar.

Þeir sem ekki hafa aðgang að netinu geta snúið sér til forstöðumanns frístundar skólans sem skráir viðverutíma.

Á frídögum nemenda er frístund einnig opin öðrum börnum í 1.–4. bekk á þeim tíma sem þau hefðu átt að vera í kennslustundum. Greitt er fyrir hverja klukkustund og er þessi viðvera með þeim fyrirvara að börnin hafi verið skráð í hana með a.m.k. viku fyrirvara.

Mikilvægt er að skráningar séu réttar þannig að hægt sé að gera ráðstafanir hvað starfsfólk varðar. Verðskrá frístundar er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar.

Frístund á að vera öruggur samastaður nemenda að loknum skóladegi.

Leitast er við að hafa dagskrá frístundar frjálsa, fjölbreytta og heimilislega. Lögð er áhersla á að börnin fái útrás fyrir hreyfipörf með leikjum bæði úti og inni. Börnin geta verið í margs konar hlutverkaleikjum, notað spil og töfl og fá aðstoð við föndur og annað handverk eftir því sem aðstæður leyfa.

Boðið er upp á skipulagt hópastarf í frístund einu sinni í viku. Auk þess er hugað sérstaklega að aldri og þroska barna og fá þau verkefni eftir aldri sem þau sinna að jafnaði einu sinni í viku.

Allar upplýsingar um frístund veitir forstöðumaður sem einnig hefur umsjón með starfsmannamálum, skráningarmálum, skipulagi og faglegum málefnum.

Verðskrá frístundar er að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar. Forstöðumaður frístundar er Heiða Hrönn Theódórsdóttir aðrir starfsmenn í frístund eru Sigurlaug Jónsdóttir, Einar Ómar Eyjólfsson, Ellen Sif Skúladóttir, Kristjana Kristjánsdóttir og ??.

Markmið frístundar er:

- Að börnunum líði vel í frístund og séu ánægð.
- Að börnin komi vel fram hvert við annað.
- Að börnin séu í öruggri gæslu.
- Að góð samvinna sé milli heimila, skóla og frístundar.
- Að tólmundastarfið sem börnin taka þátt í þroski félagsfærni þeirra og auki sjálfsvirðingu þeirra og sjálfstraust.

11.2. Iðjuþjálfun

Við skólann starfar Birna Guðrún Baldursdóttir iðjuþjálfari í um 70% starfshlutfalli. Starf hennar er að styðja við einstaka nemendur, námshópa og kennara í starfi með ráðgjöf og eftirfylgni.

11.3. Skólamáltíðir (mötuneyti) - nesti

Nemendur og starfsfólk eiga kost á að kaupa mat í hádeginu. Í boði er heimilislegur og hollur matur og alltaf borið fram grænmeti eða ávextir með.

Matseðil hvers mánaðar er hægt að nálgast á heimasíðu skólans – gler.akureyri.is og á -

Matartorg.is - (aðgangsorð fæst hjá ritara skólans)

Skráning er rafræn þar sem valið er um eftirtalda möguleika:

a) Nemandinn kaupir að lágmarki helming máltíða í mánuði.

b) Nemandinn kaupir allar máltíðir á önninni.

Þessa skráningu þarf að sækja um hjá ritara sem sér um að framkvæma hana.

Kerfið er opið frá u.þ.b. 10. hvers mánaðar. Sendur er póstur til foreldra um opnun og lokun Matartorg.is mánaðarlega. Akureyrarbær sér um að innheimta mataráskrift.

Nesti.

Nemendur þurfa á því að halda að hafa með sér hollt og gott nesti í skólann. Nægur svefn, góður morgunverður og hollt nesti gefur aukinn kraft og meiri gleði til að takast á við námið. Í skólanum er mjólk seld nemendum í áskrift. Dagskammturinn er eitt mjólkurglas (¼ ltr).

Einnig geta nemendur verið í ávaxtaáskrift. Akureyrarbær innheimtir áskriftina í heimabanka. Nemendur geta verið með tvöfalda áskrift.

12. Lokaorð

Skólanámskrá Glerárskóla þ.e. almennur hluti ásamt námsáætlunum 1.- 10. bekkjar og Starfsáætlun á að veita upplýsingar um stefnu og markmið skólastarfsins.

Við vonumst til að þið kynnið ykkur efni þessara gagna svo þið séuð betur upplýst um það mikilvæga hlutverk sem skólanum er ætlað að sinna í samstarfi við ykkur foreldra. Það er einlæg ósk okkar að samstarf heimila og skóla verði farsælt og okkur öllum til sóma.

Skólanámskráin fjallar um grundvallaratriði sem eru okkur til leiðsagnar í skólastarfinu. Víða er vísað á heimasíðu okkar en þar á að vera hægt að finna nánast allar upplýsingar um Glerárskóla og starfsemi hans.

Okkur þætti vænt um að fá ábendingar frá lesendum um það sem betur má fara í skólanámskrá okkar og erum að sjálfsögðu til í lægfæra og bæta það sem þarf.